

skoðun 10

## Litríkt steinasafn
*Huldusteinn heitir nýtt safn sem nýlega var opnað á Höfn í Hornafirði.*
allt 2



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Markaðurinn
Allt





# FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
MIÐVIKUDAGUR

11. ágúst 2010 — 186. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000




## Draumur að veruleika
*Sœunn Ýr Marínósdóttir útskrifast sem ballerína frá virtum ungverskum skóla.*
tímamót 14

## Bekkpressa í bíó
*Þeir sem taka 100 í bekk geta notað aflið til að komast á myndina The Expendables.*
fólk 26



## Sá mikilvægasti til þessa
*Ungmennalandslið Íslands mætir Þjóðverjum í dag.*
sport 22

## veðrið í dag



**ÞYKKNAR UPP V-TIL** Í dag verða suðvestan 8-13 m/s NV-til og skýjað en annars yfirleitt hægari vindur og bjartviðri. Hiti 12-20 stig, hlýjast inn til landsins.
VEÐUR 4

# Hagnaður ÁTVR þrefaldast

**Hagnaður ÁTVR var 1,3 milljarðar í fyrra, þrefalt meiri en árið áður. Ríkissjóður fékk 960 milljónir í arð eftir breytingu á álagningarlögum 2008. Innflytjendur segja ÁTVR hækka verð á áfengi umfram skatta og gjöld.**

**NEYTENDAMÁL** Hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) í fyrra nam rúmum 1,3 milljörðum króna. Árið 2008 var hagnaðurinn 447 milljónir króna.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri ÁTVR, segir þennan aukna hagnað skýrast af breyttum lögum um álagningu á áfengi og tóbaki sem samþykkt voru í árslok 2008. „ÁTVR greiddi 960 milljónir til ríkissjóðs eftir síðasta ár og við munum greiða milljarð í ár,“ segir Sigrún.

Eggert Ísdal, sölustjóri áfengis hjá umboðsfyrirtækinu Rolf Johansen & Company, segir tekjuaukningu ÁTVR eingöngu tilkomna vegna aukinnar álagningar. „Skattahækkanir hafa ekkert með þetta að gera,“ segir Eggert. Áfengisgjöld og skattar séu til staðar þegar ÁTVR kaupi inn, svo öll umframálagning sé í þeirra höndum. Álagning, eftir skatta og gjöld, á sterku áfengi hafi hækkaði um 73 prósent í byrjun árs 2009 og um 38 prósent á léttvíni og bjór.

Örn Stefánsson, innkaupastjóri ÁTVR, segir þennan stóraukna hagnað koma til af tvennu. Annars vegar af því að álagning á áfengi í kjarnasölu og reynslusölu hafi verið samræmd og hins vegar vegna hækkunar á áfengisgjöldum.

„Áfengisgjöld hækkuðu mjög mikið á stuttum tíma,“ segir Örn. „Álagningin hjá ÁTVR hækkaði þó mest á sterku áfengi en þar er sala minnst.“

Friðjón Hólmbertsson, framkvæmdastjóri drykkjarvörusviðs Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, segir hækkunina hafa mikil áhrif á viðskipti í landinu. „ÁTVR er að leggja þetta ofan á hækkun áfengisgjalds,“ segir Friðjón. „Verslanirnar sjálfar eru að taka mun meiri hagnað til sín, vegna þess að álagningin er umfram öll gjöld og skatta.“

Áfengisverð hefur hækkað um 57 prósent að meðaltali frá byrjun árs 2008. Verð hefur þó lækkað örlítið frá því það var hæst í janúar 2010. Verð á tóbaki hefur þróast í svipuðum skrefum og áfengið, hefur hækkað um 49 prósent frá byrjun árs 2008. **-sv**

**Vísitölur miðaðar við janúar 2008**






**GRIPU GÆSINA** Þessir ungu drengir tóku máltækið „grípa skal gæs meðan gefst“ full bókstaflega í Grasagarðinum í gær. Þeir létu þó fljótt af leik sínum þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Spaugstofan tekin af dagskrá:

## Rætt við leikstjóra skaupsins

**FÓLK Leikstjóranum Gunnari Birni Guðmundssyni og hópnum sem stóð á bak við síðasta áramótaskaup hefur verið boðið að framleiða nýjan skemmtiþátt, sem verður sýndur í Sjónvarpinu á laugardagskvöldum í stað Spaugstofunnar. Í gær kom í ljós að Spaugstofan er hætt eftir 21 ár í loftinu.**

**Ástæðan er níu prósenta niðurskurður á RÚV. Nýi skemmtiþátturinn verður tæplega klukkutíma langur og á að hefjast í lok september.**

**Karl Ágúst Úlfsson Spaugstofumeðlimur segir tilfinningarnar blendnar á tímamótunum. „Það er ákveðinn söknuður, ég skal alveg viðurkenna það.“**

**- fb / afb /** **sjá síðu 26.**

Norskur stórsvindlari bíður réttarhalda í Noregi fyrir að svíkja út fé:

## Hefur svikið fólk á Íslandi

**LÖGREGLUMÁL** Norskur stórsvindlari, sem meðal annars hefur svikið fólk á Íslandi, situr í fangelsi í Noregi og bíður þess að vera dreginn fyrir rétt fyrir alls 36 svikamál.

Í norskum fjölmiðlum er haft eftir lögreglu að margar ákærurnar komi frá konum sem hann hefur átt í sambandi við. Maðurinn var handtekinn í Bodø í júlí, skömmu eftir að norska lögreglan lýsti eftir honum. Smári Sigurðsson, hjá alþjóðadeild ríkislögreglustjóra, segir að eitt slíkt mál hafi komið inn á sitt borð. Þá hafi íslensk kona, sem var nýflutt heim frá Noregi, lagt fram kæru á hendur norskum manni. Hann hafi með lygasögu haft fé af konunni, hundruð þúsunda króna. Norska lögreglan hafi síðar haft samband og óskað eftir skýrslu um manninn. Smári gat þó ekki staðfest hvort um sama mál væri að ræða. **- gb/kh**


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft…

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.






## SPURNING DAGSINS



*„Áslaug, ætlarðu að hjóla í þjófana?“*

Já, ég ætla að grilla þá.

Áslaug Snorradóttir, kokkur og sjónvarpskona í þættinum Fagur fiskur í sjó, sem sýndur er í Ríkissjónvarpinu varð fyrir því leiðinlega óláni í síðasta mánuði að uppáhaldshjóli hennar var stolið. Reiðhjóli sonar hennar var stolið á sama tíma.

Kurr innan Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar vegna frumvarps til búvörulaga:

# Deilt um ágæti mjólkurfrumvarps

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, segist ósammála Samkeppniseftirlitinu um að mjólkurfrumvarp landbúnaðarráðherra sé skaðlegt samkeppni. Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, tekur undir gagnrýni Samkeppniseftirlitsins á frumvarpið.

„Þetta snýst um þá framleiðslustýringu sem við höfum í þessum greinum og þann ríkisstuðning sem þarna er á ferðinni, að þeir fjármunir nýtist með skilvirkum hætti,“ segir Steingrímur.

Gylfi Magnússon var stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins í fimm ár. Hann segir sínar skoðanir í þessum málum ekki fjarri því sem Samkeppniseftirlitið hefur haldið fram en það gerði alvarlegar athugasemdir við frumvarpið.

Ýmsir Sjálfstæðismenn hafa lýst yfir óánægju með frumvarpið en báðir fulltrúar flokksins í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd studdu nefndarálit þess efnis að samþykkja bæri frumvarpið. Annar fulltrúinn, Einar K. Guðfinnssson segir frumvarpið ekki fela í sér neinar grundvallarbreytingar á landbúnaðarkerfinu, heldur úrræði til að fylgja eftir gildandi lögum. Ólína Þorvarðardóttir, sem var sá eini af þremur fulltrúum Samfylkingarinnar í nefndinni sem skrifaði undir álitið, segir að efasemdir séu uppi um frumvarpið innan þingflokks Samfylkingarinnar. Hún segir þó að engin eðlisbreyting fylgi þessu frumvarpi frá gildandi lögum og að inni í frumvarpinu séu ýmis atriði til bóta, það þurfi þó að skoða nánar. - mþl



**MJÓLK ER GÓÐ** Frumvarp landbúnaðarráðherra um búvörulög hefur sætt gagnrýni út frá samkeppnis- og neytendasjónarmiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**PÚTÍN Í FLUGSTJÓRNARKLEFANUM** Forsætisráðherrann í eldlínu átakanna. NORDICPHOTOS/AFP

Enn brennur í Rússlandi:

## Pútín kemur til bjargar Rússum

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, klifraði í gær upp í flugstjórnarklefa í flugvél sem notuð er í baráttunni við eldana miklu þar í landi og tók virkan þátt í slökkvistarfinu sem aðstoðarflugstjóri vélarinnar.

Pútín hefur verið áberandi í rússneskum fjölmiðlum þar sem hann tekur þátt í baráttunni við eldana, sem kostað hafa tugi manns lífið undanfarnar tvær vikur og eyðilagt heimili þúsunda manna. Tjónið er metið á hundruð milljóna króna. - gb

Gagnrýna mjólkurfrumvarp:

## Mjólkurfrumvarpið gagnrýnt

**STJÓRNMÁL Neytendasamtökin birtu í gær umsögn þar sem þingmenn eru hvattir til þess að fella nýtt frumvarp til búvörulaga og það sagt vinna gegn hagsmunum bænda og neytenda.**

**Samtök verslunar og þjónustu höfðu áður tjáð sig um frumvarpið en í áliti þeirra sagði að með frumvarpinu væri verið að innleiða algjöra einokun við vinnslu og markaðssetningu á mjólkurafurðum á Íslandi. - mþl**

# Brúnó vekur hræðslu meðal Vopnfirðinga

**Hundur glefsaði í mann á Vopnafirði. Heilbrigðisnefnd Austurlands vildi láta aflífa dýrið en snerist hugur. Fórnarlambinu er brugðið og óttast að hundurinn eigi eftir að valda öðrum skaða. Ekki til blíðari skepna, segir eigandinn.**

**DÝRAHALD** Íbúar á Vopnafirði eru margir hræddir við hundinn Brúnó, sem er af gerðinni franskur mastiff. Þetta kemur fram í fundargerð heilbrigðisnefndar Austurlands.

Heilbrigðisnefndin hafði, í bréfi til eigendanna, hvatt til þess að hundurinn yrði aflífaður eftir að hann glefsaði í hinn 22 ára gamla Daða Peterson. Eigendurnir voru jafnframt beðnir um að hafa múl á hundinum þegar hann væri utandyra á meðan þeir íhuguðu beiðni nefndarinnar.

Nú er annað hljóð komið í strokkinn. Heilbrigðiseftirlitið ætlar ekki að fylgja tilmælunum eftir og Brúnó er ekki með múl. Það þykir fórnarlambinu slæmt.

Rúnar Guðjón Einarsson, eigandi Brúnós, segir málið hafa verið blásið upp. Brúnó sé ljúf skepna sem enginn þurfi að óttast.

„Ég fer alltaf með hundinn niður á bryggju þegar ég er í landi. Þetta var á sjómannadaginn þegar strákur sem var í koddaslag kemur haugblautur, með handklæði vafið um sig, upp úr sjónum. Hann gengur í áttina að mér þar sem ég stóð með hundinn í taumi. Ég vara strákinn við, segi honum að hundurinn sé hræddur við hann, en hann hlustar ekki og það endar með því að hundurinn glefsar til hans,“ segir Rúnar. „Þá hringdi einhver í lögregluna.“

Rúnar segist vel skilja að fólk geti verið hrætt við Brúnó, hann sé stór hundur. „En það er ekki til blíðari skepna. Hann gerir engum mein. Við eigum tvo páfagauka og einn kött og þeim lyndir vel við Brúnó.“

Að sögn Helgu Hreinsdóttur, starfsmanns Heilbrigðiseftirlits Austurlands, ætlar eftirlitið ekki að fylgja tilmælum um aflífun eftir, enda hafi aðeins verið um tilmæli að ræða. Hún vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið og benti á Þorstein Steinsson, sveitarstjóra á Vopnafirði.

Þorsteinn var nýkominn úr fríi þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann sagðist ætla að fara yfir málið með eigendunum fari þeir ekki að tilmælunum. „Við leyfum hundahald með ákveðnum skilyrðum og við lítum það alvarlegum augum séu þau ekki virt,“ segir Þorsteinn. Frásögn Daða af atvikinu er í flestu samhljóða frásögn Rúnars. Daði segist hafa orðið skíthræddur við hundinn eftir atvikið.

„Hann er álíka stór og hestur,“ segir Daði sem hlaut þó ekki skaða af glefsinu. Hann hafði ekki heyrt af því að heilbrigðisnefndin ætlaði ekki að fylgja tilmælunum eftir. „Mér finnst það slæmt,“ segir Daði sem óttast að Brúnó geti valdið öðrum skaða. kristjan@frettabladid.is



**BRÚNÓ** Rúnar Guðjón segir að Brúnó sé ljúfur. Maðurinn sem Brúnó glefsaði í óttast að hundurinn, sem hann segir vera á stærð við hest, eigi eftir að valda öðrum skaða. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Blíðir og viðkvæmir

Franskir Masstiff hundar eru á vefnum hvuttar.net sagðir af frönskum ættum, blíðir og viðkvæmir sem myndi sterk bönd við eigenda sinn og séu yfirleitt mjög góðir með börnum. „Franski Masstiff er [...] almennt ekki árásargjarn [...] Hann geltir lítið sem ekkert.

Minni áhrif af atvinnuleysi:

## Hægari fjölgun í hópi öryrkja

**ATVINNULÍF Verulega hefur hægt á fjölgun örorkulífeyrisþega á þessu ári, segir á vef Samtaka atvinnulífsins (SA).**

**„Fjöldi örorkulífeyrisþega var 15.842 hinn 1. júlí síðastliðinn en hann var 15.677 í ársbyrjun þannig að fjölgunin á árinu nemur 165 einstaklingum á fyrri hluta ársins. Þetta er mikil breyting frá fyrri árum þar sem örorkulífeyrisþegum fjölgaði um 500 til 1.300 árlega á árabilinu 2004-2009,“ segir á vefnum.**

**Þar segir jafnframt að í ljósi mikils langtímaatvinnuleysis hefði mátt búast við aukningu í nýgengi örorku, en þess sjái ekki enn stað. „Ef til vill má rekja þessa þróun til forvarnarstarfs Starfsendurhæfingarsjóðs.“ - óká**

Dregið hefur aftur úr rusli:

## Úrgangur hefur aukist umfram íbúafjölgun

**UMHVERFISMÁL** Heildarmagn úrgangs hér á landi hefur síðustu ár aukist umfram íbúafjölgun, að því er fram kemur í drögum Umhverfisstofnunar að landsáætlun um úrgang til ársins 2020.

„Árið 1995 var magn úrgangs rúm 1.500 kílógrömm á íbúa á ári en var komið í tæp 1.800 kíló á íbúa árið 2007. Hrein aukning á magni úrgangs á þessum 13 árum, þar sem magnaukning vegna fólksfjölgunar kemur til frádráttar, var því um fimmtungur,“ segir í drögunum.

Nýjustu gögn eru hins vegar sögð benda til að heildarmagn úrgangs hafi dregist verulega saman frá síðustu mánuðum ársins 2008 og endurspegli það breytt efnahagsástand og neyslumunstur. - óká






Aðstoðarbankastjóri vildi að upplýsingar um gengislán færu til ráðuneytisins:

# Engin leynd yfir tölvupósti

**STJÓRNSÝSLA** Aðallögfræðingur seðlabankans, Sigríður Logadóttir, segir að engin fyrirvari hafi verið gerður um notkun viðskiptaráðuneytisins á tölvupósti sem hún sendi lögfræðingi ráðuneytisins, en hann fjallaði um heimild til gengistryggingar lána og var endursögn á minnisblaði Sigríðar sama efnis.

Hins vegar hafi lögfræðiálit Lex um þetta ekki átt að fara víðar en til lögfræðings viðskiptaráðuneytisins, enda tíðkist ekki að utanaðkomandi álit sé notað af öðrum en þeim sem pantar það. Bæði í minnisblaðinu og lögfræðiálitinu er reifað að bann sé við því að verðtryggja skuldbindingar í íslenskum krónum á grundvelli gengis erlendra gjaldmiðla. Þetta kom einnig fram í tölvupóstinum, að sögn Sigríðar.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði um lögfræðiálitið á RÚV í gær að það væri „mjög óvenjulegt fyrirkomulag“ að Seðlabankinn hafi ákveðið „að upplýsa ekki ráðherra um þetta og afhenda lögfræðingi í viðskiptaráðuneytinu þetta með þessum formerkjum“. Sjálfur hafi hann ekki heyrt af því fyrr en síðsumars eða um haustið.

Arnór Sighvatsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, segir að hann og aðallögfræðingur hafi verið sammála um það á sínum tíma að senda álitið til viðskiptaráðuneytisins: „Það var aldrei ákveðið að upplýsa ekki. Það var ákveðið að upplýsa með þessum hætti.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í gær óeðlilegt að upplýsingarnar hefðu ekki verið kynntar henni. Hún hefur óskað eftir skýringum bankans vegna þessa.

Seðlabankastjóri, Már Guðmundsson, segir að hann hafi ekki verið í bankanum á þessum tíma en muni kanna málið nánar og svara forsætisráðherra. - kóþ



GYLFI MAGNÚSSON ARNÓR SIGHVATSSON

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

BYKO

# LÆGRA VERÐ!

**Vertu viss um að fá betra verð þegar þú framkvæmir**

## Gerðu verðsamanburð!



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

**1.669** kr. lm.

Vnr. 0231250
**Bárustál**
Bárustál, alusink, klæðir 99 cm.



**1.990** kr. m²

Vnr. 17850075
**Flísar**
IMEX rustic gólfflísar, beige, 30x30 cm.



**21.490**

Með hæglokandi setu!

Vnr. 17851000
**Salerni**
IMEX salerni með innbyggðum S-stút og seta með dempara.



**809** kr. lm.

Vnr. 0024509
**Burðarviður**
Burðarviður T1, heflaður, 50x225 mm.



Vnr. 0113556
**Plastparket**
Plastparket, eik, 7x195x1210 mm.

**1.290** kr. m²



**3.990**

Vnr. 15400045
**Handlaugartæki**
ARMATURA FERRYT handlaugartæki.

Gerðu verðsamanburð í BYKO og vertu viss um að framkvæma á lægra verði!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Gildir til 15. ágúst

EXPO · www.expo.is

## GENGIÐ 10.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,29 | 117,85 |
| Sterlingspund | 184,8 | 185,7 |
| Evra | 154,39 | 155,25 |
| Dönsk króna | 20,719 | 20,841 |
| Norsk króna | 19,553 | 19,669 |
| Sænsk króna | 16,433 | 16,529 |
| Japanskt jen | 1,3651 | 1,3731 |
| SDR | 179,17 | 180,23 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
197,2144

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Björgunarfólk í þremur Asíuríkjum leitar að fólki á lífi eftir gríðarmikil flóð:

# Sjö hundruð látnir í Kína eftir gríðarleg flóð

**KÍNA, AP** Aurskriðurnar í Kína hafa kostað að minnsta kosti 700 manns lífið en óttast er að hundruð eða þúsundir manna að auki hafi farist.

Í bænum Zhouqu fundu björgunarmenn, sem notuðu hendurnar til að grafa eftir fólki í leðjunni, 52 ára mann sem hafði verið fastur í rústum íbúðarhúss í meira en fimmtíu klukkustundir. Meira en þúsund manns er saknað þar.

Í Pakistan sneri Asif Ali Zardari forseti aftur heim í gær eftir að hafa brugðið sér í Evrópuferð í síðustu viku, þegar flóðin þar í landi voru í hámarki.

Flóðin þar hafa staðið í hálfan mánuð og kostað meira en 1.500 manns lífið. Talið er að nærri fjórtán milljónir manna þar þurfi á aðstoð að halda. Síðast í gær flúðu þúsundir manna frá borginni Muzaffargah í Punjab-héraði eftir að stjórnvöld gáfu út viðvaranir um að hætta væri á flóðum þar.

Í Kasmír-héraði á Indlandi hafa íbúar einnig tekist á við skyndiflóð, sem orðið hafa að minnsta kosti 165 manns að bana. Hundruð húsa eyðilögðust og þúsundir hermanna unnu að því að hreinsa vegi og fjarlægja húsarústir. - gb



**LEITAÐ AÐ FÓLKI Í EÐJUNNI** Björgunarfólk í norðvestanverðu Kína býr sig undir leit. NORDICPHOTOS/AFP



**UMFERÐ** Heldur færri keyrðu um Dalvík um helgina en á sama tíma í fyrra. Þó var helgin vinsælli ferðahelgi í heildina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Meiri umferð í heildina:

## Minni umferð um Dalvík

**SAMGÖNGUMÁL Rúmlega sex prósentum meiri umferð var um vegi landsins um síðustu helgi en sömu helgi í fyrra. Umferðin var þó töluvert minni en um verslunarmannahelgina.**

**Umferð um Dalvík, þar sem Fiskidagurinn mikli var haldinn, var þó tæpum fimm prósentum minni en um sömu helgi í fyrra.**

**Síðustu ár hefur umferð dregist saman helgina eftir verslunarmannahelgi. Umferðin nú var þó heldur meiri á öllum mælipunktum en undanfarið. Helgin var önnur helgin í röð þar sem umferð var meiri en í fyrra, sem var metár.** - þeb

### ÁRÉTTING

Í blaðinu í gær var sagt að miðaverð með Herjólfi milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja hefði verið „um 3.000 krónur“. Nákvæm tala er 2.660 krónur.




**NÝTT SKIPULAG Á AKUREYRI** Rúmlega fimmhundruð manns höfðu skrifað undir mótmæli á heimasíðunni betriakureyri.com í gærkvöldi. MYND/BETRIAKUREYRI.COM

# KFC skemmi sögulega götumynd Akureyrar

**Til stendur að byggja veitingastað KFC og bensínstöð við Hafnarstræti á Akureyri. Undirskriftasöfnun er hafin til mótmæla. Hugmyndin kom upphaflega frá íbúum, segir skipulagsstjóri. Á skjön við skipulagsmynd, segir bæjarfulltrúi.**

**AKUREYRI** Akureyrarbær hefur lagt fram tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir sunnanverðan miðbæinn. Stendur til að reisa útibú frá veitingastaðnum KFC og nýja leigubílastöð við Hafnarstræti. Skipulagsstjóri lagði fram endurskoðaða tillögu á bæjarstjórnarfundi í júní og var hún samþykkt með átta atkvæðum gegn tveimur.

Hafin er undirskriftasöfnun á netinu til að mótmæla þessum aðgerðum á vefsíðunni www.betriakureyri.com. Þar segir að ótvírætt sé að fyrirhuguð skyndibita- og eldsneytissala stingi verulega í stúf við sögulega götumynd Akureyrar „en um er að ræða lengstu röð húsa í sama stíl sem við eigum frá Græna hatti alveg að Brynju og jafnvel lengra,“ segir á heimasíðunni.

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulagsstjóri Akureyrarbæjar, segir að sú hugmynd að fá KFC í miðbæ Akureyrar hafi upphaflega komið frá Akureyringum sjálfum.

„Það var komin mikil pressa á bæjarapparatið frá íbúum að fá KFC hingað,“ segir hann. „Það var meira að segja stofnuð Facebook-síða um málið.“ Pétur segir að tillagan sé partur af mun stærra verkefni. Stendur meðal annars til að flytja Bifreiðastöð Oddeyrar (BSO) frá horni Strandgötu og Drottningarbrautar í Hafnarstræti.

„Leigubílastöðin þarf hugsanlega að víkja fyrir nýju skipulagi í miðbænum,“ segir Pétur og bætir við að ný bæjarstjórn sé að hugsa öll mál upp á nýtt ásamt skipulagsnefnd bæjarins og hugmyndin um síki í miðbænum sé eitthvað sem verið sé að endurskoða.

Andrea Hjálmsdóttir og Sigurður Guðmundsson bæjarfulltrúar mótmæltu tillögunni. Andrea segir að í tillögunni séu mjög veik útlitsviðmið og þau verði að skýra mun betur.

„Ég tel að bensínafgreiðsla og skyndibitastaður á þessu svæði brjóti algjörlega í bága við umhverfið,“ segir hún. „Það er með ólíkindum að það sé ekki hægt að finna BSO stað í nágrenni við bensínstöð sem er til staðar því þær eru alveg ótrúlega margar nú þegar.“

Andrea segir að mikilvægt sé að vernda bæjarmyndina og bæjaryfirvöld eigi að skipuleggja bæinn frekar en einstaka fyrirtæki og verktakar.

„Þetta snýst um útlit og að varðveita ímynd bæjarins,“ segir Andrea. „Gömul hús, kirkjan og leikhúsið er það sem ferðafólk vill sjá. Ekki auglýsingaskilti og strompa Kentucky Fried Chicken.“

sunna@frettabladid.is



**BJÖRN** Rússneskar sprengjuflugvélar af TU-95 gerð eru stundum kallaðar Birnir.

Birnir í íslenskri lofthelgi:

## Óauðkenndar vélar flugu yfir

**UTANRÍKISMÁL** „Tvær óauðkenndar vélar flugu í tvígang um íslenska loftrýmiseftirlitssvæðið miðvikudaginn 28. júlí,“ segir í tilkynningu Varnarmálastofnunar í gær. Talið er að um TU-95 rússneskar sprengjuflugvélar, svokallaða Birni, hafi verið að ræða.

„Um tíma lá leið vélanna um íslenska efnahagslögsögu, bæði vestan af landinu þegar þær flugu til suðurs og svo aftur austan við Ísland eftir að vélarnar höfðu snúið við og flugu til norðausturs. Vélarnar geta borið kjarnorkuvopn, en staðfestar upplýsingar liggja ekki fyrir um búnað vélanna,“ segir jafnframt í tilkynningunni. Þetta er í annað sinn sem rússneskar herflugvélar fljúga um íslenska eftirlitssvæðið á árinu. - óká

Rannsókn á vöru í verslunum:

## Miklu magni fargað árlega

**NORÐURLÖND Norræna ráðherranefndin rannsakar nú hversu miklu af matvælum er hent úr verslunum árlega. Markmiðið er að kynna niðurstöðurnar í lok þessa árs.**

**Árlega er hent gífurlegu magni af matvælum úr verslunum, ýmist vegna rangra innkaupa eða að varan er útrunnin. Kemur það niður á umhverfinu og kostar gífurlegar fjárhæðir. Reiknað er með að niðurstöður muni leiða í ljós hve miklu magni af matvælum sé fargað í hverju landi fyrir sig og að lagt verði mat á afleiðingar þess að draga úr því.** - sv




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veður-fréttamaður

**FER AÐ RIGNA Í NÓTT** Það verða breytingar í veðri til morguns. Það þykknar heldur upp vestan til á landinu en á morgun má búast við vætu á vesturhelmingi landsins. Svipað veður á föstudag en Austurland lítur einna best út fyrir ferðalanga hvað þurrviðri og sól varðar.




Á MORGUN
5-10 m/s, hvassast NV-til.

FÖSTUDAGUR
Hæglætis veður.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 23° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 32° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 18° |
| París | 23° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# Við þurfum ekki að slá vaskinn af

## til að bjóða gott verð

## fyrir alla - alltaf







LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

ALLIR VINNA

**Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
**Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Húsavík** Garðarsbraut 50.
**FLÚÐUM**

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

**KJÖRKASSINN**



*Ætti að skikka bændur til að girða sauðfé sitt af?*

| | |
|---|---|
| Já | 80,7 |
| Nei | 19,3 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú siglt til Eyja úr Landeyjahöfn?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Vísir

Sjúkraflutningamaður í sumarfríi var fyrstur á slysstað og hlúði að stúlku:

# Brenndist illa við fall í Strokk

**SLYS** Tveggja ára stúlka brenndist alvarlega þegar hún féll í frárennsli frá hvernum Strokki á mánudagskvöld. Einar Tryggvason sjúkraflutningamaður býr á svæðinu og gat mætt á staðinn og hlúð að stúlkunni áður en læknir og sjúkrabíll komu.

Stúlkan var á ferð með foreldrum sínum, en fjölskyldan er spænsk og á ferðalagi hér á landi. Hún var á göngustíg við Geysissvæðið þegar hún hrasaði um band sem afmarkar göngustíginn og féll fram fyrir sig. Hún var flutt inn í starfsmannahús á svæðinu og þaðan hringdi starfsfólk í Einar, sem er í sumarleyfi frá sjúkraflutningunum en rekur golfvöll á svæðinu. Hann hringdi svo á sjúkrabíl og lækni frá Laugarási.



**GEYSIR** Stúlkan var með foreldrum sínum að skoða Geysissvæðið þegar hún féll ofan í og brenndist illa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hægt var að sinna stúlkunni ágætlega á staðnum að sögn Einars þar sem til var brunagel og fleiri nytsamlegar sjúkravörur.

Stúlkan var svo flutt með sjúkrabíl á slysadeild Landspítalans og þaðan á gjörgæslu, þar sem hún liggur enn. Hún hlaut annars stigs bruna á höndum, brjósti og í andliti. Þyrla Landhelgisgæslunnar var í viðbragðsstöðu um tíma og ætlaði að fljúga á móti sjúkrabílnum ef þess gerðist þörf. - þeb

Lögreglan fékk gjöf frá Sjóvá:

# Sex nýjar eftirlitsmyndavélar

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur fengið sex nýjar myndavélar til umráða. sem notaðar verða við umferðareftirlit.**

**Tryggingafélagið Sjóvá gaf lögreglunni myndavélarnar í tilefni af 50 ára afmæli umferðardeildar lögreglunnar. Sérstakt hóf var haldið í höfuðstöðvum lögreglunnar í síðustu viku og afhenti forstjóri Sjóvár, Lárus Ásgeirsson, þær þá. Sagði hann það sameiginlega hagsmuni allra að lögreglan geti unnið störf sín af nákvæmni og nýtt nýjustu tækni.** - þeb

Ný deild í Norðlingaholti:

# 30 ný leikskólapláss verða til

**MENNTUN** Um þrjátíu ný leikskólapláss verða til í Norðlingaholti í haust þegar ný deild við leikskólann Rauðhól verður opnuð.

Norðlingaskóli hefur hingað til verið í húsnæðinu sem nýja deildin verður í, en hann færist nú yfir í nýja skólabyggingu. Því verður gerð leikskóladeild úr þremur samliggjandi stofum í húsinu fyrir elstu börnin á leikskólanum.

Verið er að kanna hvort foreldrar í hverfinu, sem hafa fengið leikskólapláss í Árbæ, vilji nýta sér nýju plássin. Þá hafa leikskólar og þjónustumiðstöðvar í Árbæ verið látnar vita þar sem plássin munu hafa áhrif á innritun þar. - þeb

Jón Bjarnason ráðherra:

# Vanhæfur til að skipa í starf

**STJÓRNSÝSLA Forsætisráðherra hefur skipað Rögnu Árnadóttur, dóms- og mannréttindaráðherra í stað Jóns Bjarnasonar, sjávar- og landbúnaðarráðherra, til þess að taka ákvörðun um skipun í embætti skrifstofustjóra auðlindaskrifstofu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.**

**Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir að þarna sé verið að fara að stjórnsýslulögum því Jón Bjarnason sé vanhæfur sökum þess að á meðal umsækjenda um starfið er núverandi aðstoðarmaður hans, Jóhann Guðmundsson.**

**BJÖRGUNARSVEITIR**

### Kynna nýliðaþjálfun

Kynningarfundur um nýliðaþjálfun Hjálparsveitar skáta í Reykjavík verður haldinn í hjálparsveitarhúsinu Malarhöfða 6 klukkan átta að kvöldi þriðjudagsins 7. september. Þeir sem fæddir eru á árinu 1992 eða fyrr geta tekið þátt í nýliðaþjálfun HSSR.



NORDICPHOTOS/AFP

**TEKIST Á VIÐ ELLIGLÖPIN** Deilt er um nákvæmni greiningar sem byggð er á mænustungu.

# Greina Alzheimer með mænustungu

**Vísbendingar um Alzheimersjúkdóminn er oft að finna í mænuvökva fólks nokkru áður en fyrstu einkenna verður vart. Margir læknar freistast til að gefa lyf áður en greining liggur fyrir, í þeirri von að hægja á sjúkdómnum.**

**VÍSINDI, AP** Vísindamenn í Belgíu hafa birt niðurstöður rannsókna, þar sem leitað var í mænuvökva fólks eftir ákveðnum prótínum sem grunuð eru um að eiga þátt í Alzheimersjúkdómnum.

Í ljós kom að þessi ákveðnu prótín, amyloid og tau, var ekki aðeins að finna í 90 prósentum þeirra Alzheimersjúklinga sem tóku þátt í rannsókninni, heldur einnig í 72 prósentum þeirra þátttakenda sem mælst hafa með væg einkenni heilabilunar. Að auki var þau að finna í 36 prósentum þeirra þátttakenda, sem heilbrigðir töldust.

Á hverju ári er talið að um milljón manns byrji að fá væg einkenni heilabilunar, sem skilgreinast alvarlegri en eðlileg elliglöp án þess þó að greinast sem Alzheimersjúkdómur.

Athygli lækna beinist nú meðal annars að því að greina hverjir úr þessum hópi eiga eftir að fá Alzheimersjúkdóminn eða önnur alvarleg vitglöp. Mænustunga er aðeins ein þeirra aðferða, sem farið er að nota til þess að fá vísbendingar um þetta.

Ljóst þykir að Alzheimersjúkdómurinn byrjar að herja á heila einstaklinga að minnsta kosti áratug áður en fyrstu minnistruflana verður vart. Þetta vekur vonir um að hægt verði að hægja á þróun hans, ef byrjað er að gefa lyf nógu snemma.

Enn er þó deilt um nákvæmni greiningar sem byggð er á mænustungu. Rannsóknir á látnu fólki sýna að fjórðungur þeirra, sem deyja í hárri elli án nokkurra elliglapa, eru með prótínið amyloid í mænuvökva.

„Það síðasta sem við viljum er að segja einhverjum að hann muni fá Alzheimersglöp ef hann fær þau síðan ekki,“ segir Marilyn Albert, vísindamaður við Johns Hopkinsháskólann í Bandaríkjunum.

Margir læknar telja þó vissara að bíða ekki eftir greiningu. Samkvæmt rannsókn, sem birtist í tímaritinu Neurology í síðustu viku, byrja 70 prósent þeirra lækna, sem spurðir voru, að gefa lyf við Alzheimer fljótlega eftir að væg einkenni heilabilunar greinast, í þeirri von að hægja megi á þróun Alzheimers – jafnvel þótt ekki sé vitað hvort lyfin bera nokkurn árangur. - gb



**SIGLUFJÖRÐUR** Boranir eftir heitu vatni í Skarðdal lofa góðu.

Skortur á heitu vatni:

# Tilraunaboranir á Siglufirði

**SIGLUFJÖRÐUR Tilraunaboranir Rarik eftir heitu vatni í Skarðdal við Siglufjörð hafa gengið vel. Þetta kemur fram á siglo.is.**

**Nokkur skortur hefur verið á heitu vatni á Siglufirði undanfarin ár. Dæmi eru um að fyrirtæki í bænum hafi þurft að loka fyrir heita vatnið eða nota minna af því þar sem hitaveituholurnar í Skútudal hafa ekki haft undan.**

**Í Skarðdal voru boraðar tvær 70 metra djúpar holur til hitamælingar. Vísindamenn eru að lesa úr niðurstöðunum en bráðabirgðaniðurstöður eru jákvæðar.** - th

**LÖGREGLUMÁL**

### Fjórtán fóru of hratt

Lögreglan á Seyðisfirði tók fjórtán ökumenn fyrir of hraðan akstur um helgina. Sá sem hraðast ók var á 132 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90. Flestir voru teknir á sunnudag við eftirlit við Hóreksstaði á Jökuldalsheiði.

### Ók undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Akureyri handtók karlmann á þrítugsaldri laust fyrir klukkan níu í gærmorgun grunaðan um akstur undir áhrifum fíkniefna. Í framhaldi af því var gerð húsleit á heimili mannsins þar sem fundust rúmlega 250 grömm af kannabisefnum. Annar maður var handtekinn í kjölfarið en þeim var sleppt að yfirheyrslum loknum.


**Skemmtistaður/matsölustaður**

Tælenskur matsölustaður og sér skemmtistaður á besta stað miðsvæðis í Reykjavík til sölu saman eða sitt í hvoru lagi. Öll leyfi og langtíma leigusamningar. Góður rekstur og tækifæri, upplýsingar í síma 660 3770 eða 6976333.



**Auglýsingasími**

**512 54 01**




Allt sem þú þarft...


Heimsmeistaramótið í handbolta fer af RÚV og yfir á Stöð 2 Sport:

# Óvíst hvort HM verði í læstri dagskrá

**HANDBOLTI** Stöð 2 Sport tilkynnti í gær að stöðin hefði tryggt sér útsendingarrétt frá næstu tveimur heimsmeistarakeppnum í handbolta. Kaupverðið á efninu er trúnaðarmál.

Næsta keppni fer fram í Svíþjóð í janúar og íslensku silfurstrákarnir verða þar í eldlínunni ásamt öðrum bestu handboltalandsliðum heims.

„Við munum gera þetta af myndarbrag og til að mynda sýna alla leiki mótsins í beinni útsendingu. Það verður einnig þáttagerð um mótið og leikir aðgengilegir eftir pöntun. Svo verða einhverjir leikir sýndir í háskerpu,“ segir Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs 365 miðla.

Þjóðin hefur hingað til getað fylgst með strákunum okkar í opinni dagskrá á RÚV en verða leikir liðsins í læstri dagskrá á Stöð 2 Sport?

„Blekið var að þorna á samningnum og það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um hvort við læsum dagskránni eður ei. Það mun koma í ljós síðar,“ segir Pálmi.



**YFIR Á STÖÐ 2 SPORT** Strákarnir okkar verða í beinni á Stöð 2 Sport í janúar. MYND/DIENER

Páll Magnússon útvarpsstjóri beindi því til Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra, í síðdegisútvarpi Rásar 2 í gær, að hún hlutist til um að leikir landsliðsins á komandi heimsmeistaramóti verði að sýna í ólæstri dagskrá.

Í viðtalinu sagði Páll að það væri á færi menntamálaráðherra að fara fram á að íþróttaviðburðir á borð við þennan verði að vera sýndir í opinni dagskrá. „Í evrópuskipulun um sjónvarp, sem Ísland er aðili að, er gert ráð fyrir því að einstök lönd geti sett á lista íþróttaviðburði sem ekki má læsa í áskriftarsjónvarpi,“ sagði Páll.

„Ef það er eitthvað í íslensku íþróttalífi sem ætti heima á þessum lista er það væntanlega íslenska handboltalandsliðið í úrslitakeppni á heimsmeistaramóti,“ bætti útvarpsstjóri við og sagði það á færi menntamálayfirvalda að setja saman lista af þessu tagi. „Og ef það er einhvern tíma tilefni til að setja svona lista saman á Íslandi hlýtur það að vera núna.“ - hbg

**SUZUKI** Way of Life!

# SUZUKI

## Skynsemi, sparneytni - ánægja!




**Kizashi er algjörlega nýr fjórhjóladrfifinn fólksbíll í millistærðarflokki frá Suzuki.**
**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!**
2,4L vél. Verð 6.540 þús.
Meðaleyðsla 8,3L/100km




**Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI GRAND VITARA**
Verð frá kr. 4.520 þús. , bensin/beinskiptur
Meðaleyðsla 7,0L/100km, diesel,
8,8L/100 km, bensin



**Söluhæsti fólksbílinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI SWIFT**
**Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4**
1,3L eða 1,5L vélar. Verð frá 2.690 þús.
Meðaleyðsla frá 6,2L/100km




**Nýr SX4 Sportjepplingur. Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.740 þús.
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur




**Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny.**
**Handskiptur, sjálfskiptur**
Verð frá kr. 2.990 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.




**Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash**
Verð kr. 2.490 þús.
Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.




**Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!**
Hagstætt verð, ódýr í rekstri. Verð kr. 2.190 þús.
beinskiptur. Meðaleyðsla 4,4L/100km.

## Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

**SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK** **TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

**SUZUKI**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf, Maí 2010

**FRÉTTASKÝRING:** Er erlent eignarhald í íslenskum sjávarútvegi ólöglegt?

# Lög um fjárfestingu sögð illa skrifað torf

**Eignarhald útlendinga í íslenskum sjávarútvegi er orðið hitamál að nýju eftir að kínverskir fjárfestar keyptu sig inn í Storm Seafood. Lögspekingar efast ekki um að fjárfesting Storms sé lögleg. Þeir segja lögin hins vegar illa skrifað torf.**

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur falið nefnd um erlenda fjárfestingu að kanna hvort það samræmist lögum að kínverskir fjárfestar hafi með óbeinum hætti eignast rúmlega 43 prósenta hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu Stormur Seafood. Fyrirtækið lét vinna lögfræðiálit vegna fjárfestingarinnar. Niðurstaðan er að kaup kínversku fjárfestanna samræmist lögum. Málsmetandi menn, og meðal þeirra Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, efast hins vegar um að um lögmætan gjörning sé að ræða og telur það vera yfir allan vafa hafið að eignarhald í veiðum og frumvinnslu sé ekki löglegt.

En hvað segja lögin og í hverju liggur hin ólíka túlkun á því hvað er löglegt/leyfilegt og hvað ekki? Lög um númer 46/1996 um erlenda fjárfestingu virðast taka af allan vafa um að bein og óbein eign útlendinga getur orðið allt að 49 prósent. Dæmi með greinargerð sem fylgdi lagafrumvarpinu á sínum tíma virðist jafnframt draga þetta fram með óyggjandi hætti.

Fjárfestirinn, Kadoorie-fjölskyldan, á 25 prósent í tveimur eignarhaldsfélögum sem aftur eiga í Storm Seafood. Uppsafnað óbeint eignarhald er 43 prósent, en 57 prósent eru í eigu Steindórs Sigurgeirssonar sjávarútvegsfræðings. Svo virðist sem eignarhald Kadoorie-fjölskyldunnar sé því vel innan þeirra marka sem íslensk lög segja til um.

Þeir lögspekingar sem Fréttablaðið ræddi við um málið voru sammála um að lögin væru mjög óskýr en jafnframt að það liggi fyrir að óbein fjárfesting upp að 49 prósentum sé lögleg. Einn viðmælandi sagði að lögin gætu ekki verið óskýrari og spyr: Af hverju er þetta svona óskýrt? Ekkert sé því til fyrirstöðu að greina með skýrum hætti hver takmörk á eignarhaldi útlendinga eigi að vera í lögum; meðferð skattamála og fleira.

Málið er auðvitað ekki nýtt af nálinni og kom til dæmis til umræðu á Alþingi árið 2000, eins og Mörður Árnason alþingismaður bendir á á heimasíðu sinni. Þá var rætt um hvort rétt væri að rýmka heimildir útlendinga í lögum til fjárfestinga hér. Þáverandi sjávarútvegsráðherra, Árni M. Mathiesen, lét á þeim tíma gera athugun á erlendu eignarhaldi í sjávarútvegi sem leiddi í ljós, að mati hans og embættismanna sjávarútvegsráðuneytisins á þeim tíma, að óbeint geti erlendir aðilar átt 49,9 prósent í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki sem stundar bæði útgerð og frumvinnslu. Í umræðum á þingi taldi Árni jafnframt að ekki væri tilefni til að rýmka heimildirnar, heldur láta á það reyna hvaða möguleikar til fjárfestinga væru raunverulega fyrir hendi, en hann sagði þær „tiltölulega lítið“ nýttar á þeim tíma.

Það má að síðustu velta fyrir sér af hverju þetta mál rís svo hátt núna í umræðunni og raun ber vitni. Er það vegna þess að íslenskur útgerðarmaður fer þessa leið og talar um eignarhald fyrirtækisins með skýrum hætti? Er það vegna þess að hann er að reyna að kaupa kvóta og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta vekja athygli á eignarhaldi fyrirtækisins?

Flestir virðast þó þeirrar skoðunar að það sé réttur skilningur hjá Stormsmönnum og lögfræðistofunni Logos, sem vann lögfræðiálitið fyrir fyrirtækið, að bein og óbein eignaraðild megi vera 49 prósent og aldrei hærri. Það er hins vegar sjálfsagt að eignarhald erlendra fyrirtækja sé kannað, eins og nefnd um erlenda fjárfestingu er falið að gera. Einnig hvernig fylgst er með eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja í þessu ljósi.




**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is




**FARSÆLL Á VEIÐUM** Því verður að svara hvort erlend fjárfesting veldur röskun í greininni. Fara störf úr landi eða arður af veiðunum? Er betra að útgerðir taki lán til að byggja upp fyrirtæki en að fá erlent hlutafé sem greitt er beint til landsins sem fjárfesting?

## Skýring ráðuneytis á eignarhaldi

Sjávarútvegsráðuneytið hefur notað þessa mynd til að útskýra lögin um eignarhald í greininni. Engum dylst sá skilningur að óbeint eignarhald geti orðið 49 prósent.







## Erlend fjárfesting í lögum nr. 46/1996

Í 1. tölul. 1. mgr. laganna um erlenda fjárfestingu er ítrekað fortakslaust bann við beinni fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Hins vegar er lagt til að heimiluð verði óbein fjárfesting í þessum greinum innan ákveðinna marka.

Í athugasemdum með frumvarpinu, sem óbreytt varð að lögum, er tekið eftirfarandi dæmi: [D, E, F og G eru þau fyrirtæki sem stunda sjávarútveg. A, B og C eru eignarhaldsfélög – þannig geta útlendingar átt allt að 49%]

Sjávarútvegsfyrirtækið A er í eigu tveggja lögaðila, B og C. Bæði B og C verða að uppfylla það skilyrði að vera íslenskir lögaðilar undir íslenskum yfirráðum. Hins vegar mega erlendir aðilar eiga með beinum hætti allt að 25% af hlutafé eða stofnfé í B og C. Ef hvorki B né C eiga meira en 5% af hlutafé eða stofnfé í A getur þetta hlutfall þó farið upp í 33% af hlutafé eða stofnfé. B og C geta verið hvers konar lögaðilar, t.d. hlutabréfasjóðir. Íslenskir lögaðilar, t.d. D, E, F og G, sem eiga hlutafé eða stofnfé í B og C, verða að uppfylla það skilyrði að vera undir íslenskum yfirráðum.

Í skilgreiningunni á íslenskum lögaðila undir íslenskum yfirráðum felst að erlendir aðilar mega ekki eiga meira en 49% hlutafjár eða stofnfjár í D, E, F og G. Þessir lögaðilar verða þó jafnframt að uppfylla það skilyrði að íslenskir aðilar fari þar með meirihluta atkvæðisréttar og hafi þar raunveruleg yfirráð.

Eignarhald Storms Seafood er hins vegar einfaldara, bara A og B, sem eru Skiphóll og Austmenn sem eiga eitt félag (D) Storm Seafood (sjá skýringarmynd).




Fornminjar á Strákatanga:

# Kuml úr heiðni og hvalveiðistöð

**VESTFIRÐIR** **Fornleifarannsóknir á Strákatanga við Steingrímsfjörð hafa haldið áfram í sumar.**

**Búið er að fletta ofan af kumli úr heiðni sem þar fannst síðasta sumar. Á vefnum strandir.is er greint frá því að þar virðist vera hleðsla með bátslagi utan um kumlið með þremur hólfum.**

**Það eru Strandagaldur og Náttúrustofa Vestfjarða sem unnið hafa að rannsóknunum. Auk kumlsins, sem er frá landnámstímanum, hafa fundist þar ummerki eftir erlenda hvalveiðimenn.** - th

Froskaleiðangur í fjórtán löndum – sá fyrsti sinnar tegundar:

# Frosktegundir í mestri útrýmingarhættu

**DÝRALÍF** Hafið er viðamikið verkefni í fjórtán löndum þar sem leitast verður við að finna tegundir froskdýra sem gætu verið, eða eru, í útrýmingarhættu. Verkefnið á að standa yfir í rúma tvo mánuði.

Froskdýr eru þau dýr sem eru í mestri útrýmingarhættu, en einn þriðji tegunda froskdýra á á hættu að deyja út. Ástæður útrýmingar froskdýra eru að miklu leyti komnar til vegna eyðingar á kjörlendi þeirra, með þurrkun votlendis og eyðingu skóga. Margar tegundir hafa þó einnig orðið að bráð sveppasjúkdómi, sem fyrirfinnst í vatni.

Doktor Robin Moore, forgangsmaður verkefnisins, telur að þrátt fyrir að tölulegar líkur séu á útdauða froskdýra, gætu um 100 frosktegundir komið í leitirnar, en doktor Moore fann fyrir nokkru frosktegund í Ekvador sem ekki hafði sést í tólf ár. Með verkefninu, sem aldrei hefur verið unnið áður, verður því hægt að áætla betur hversu margar frosktegundir eru í útrýmingarhættu, eða eru útdauðar. Með þessari vitneskju verður því einnig auðveldara að koma í veg fyrir að hinar ýmsu frosktegundir verði í útrýmingarhættu, jafnframt verður leitast við að vernda þær tegundir sem eru nú þegar í hættu. - jbá



**GROWLING GRASS-FROSKUR** Froskar af ýmsum tegundum eru í einna mestri útrýmingarhættu af dýrum heims.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LÖGREGLAN** Flestir voru teknir í Reykjavík en einnig þrír í Kópavogi og einn í Hafnarfirði.

Ökumenn teknir um helgina:

# Undir áhrifum með barn í bíl

**LÖGREGLUMÁL** Tólf ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur og fimm fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu um síðustu helgi.

Átta karlar og fjórar konur voru tekin fyrir ölvunarakstur, flest á sunnudag. Þrír ökumannanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi. Einn þeirra sem óku undir áhrifum fíkniefna hafði þegar verið sviptur ökuleyfi og var með barn sitt í bílnum. Annar ökumaður var einnig án ökuleyfis. - þeb

Sauðfjárbændur funda:

# Ræða leiðir til að auka tekjur

**LANDBÚNAÐUR** **Landssamtök sauðfjárbænda verða með sjö kynningarfundi víðs vegar um landið í næstu viku.**

**Á vef samtakanna, saudfe.is, segir að á fundunum verði fjallað um möguleika bænda til að auka tekjur sínar. Einnig verður rætt um það hvaða áherslur í ræktunarstarfi og meðhöndlun lamba á haustin geta haft á búreksturinn. Á fundunum verður enn fremur fjallað um störf samtakanna, viðmiðunarverð þeirra á sauðfjárafurðum og stöðuna á mörkuðum. Fyrsti fundurinn verður á sveitahótelinu Hraunsnefi í Borgarfirði klukkan tólf á mánudaginn.** - th

Nýjar reglur um matvæli:

# Skylt verður að merkja erfðabreytt matvæli

**STJÓRNSÝSLA** Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra hyggst setja reglugerð um merkingu erfðabreyttra matvæla. Að því er fram kemur í tilkynningu frá landbúnaðarráðuneytinu mun reglugerðin kveða á um skyldu til að merkja sérstaklega allar matvörur sem seldar eru hér á landi og innihalda hráefni úr erfðabreyttum lífverum.

Stuðst verður við samsvarandi reglur Norðmanna og mun ný reglugerð taka gildi fljótlega, með nauðsynlegum aðlögunartíma fyrir framleiðendur og söluaðila. Þetta er í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en þar er því lýst yfir að tryggja skuli „að erfðabreytt matvæli séu merkt þannig að neytendum sé ljóst innihald matvæla við innkaup.“


ALLIR VINNA

# Hagstæð lán til framkvæmda

Landsbankinn leggur sitt af mörkum til hvatningarátaksins Allir vinna og býður viðskiptavinum hagstæð lán til framkvæmda og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Engin lántökugjöld eru tekin til 1. desember.

**Lán til góðra verka**

Til 1. desember verður boðið upp á allt að 2 milljóna króna óverðtryggt lán á 5,80% vöxtum til 5 ára. Lánið er veitt gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdunum.

- 5,80% óverðtryggðir vextir
- Allt að 2 milljóna króna lán með veði í fasteign eða 1 milljón án veðs
- Engin lántökugjöld
- Umsóknarfrestur er til 1. desember

**Framkvæmdalán**

Í boði eru verðtryggð eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum á sömu kjörum og bjóðast við kaup á fasteign. Lánað er til endurbóta innan- og utanhúss, t.d. endurnýjunar á þaki, lögnum eða innréttingum, til lóðaframkvæmda, hellulagningar eða smíði sólpalla.

- Vextir ákvarðast af hlutfalli veðsetningar
- Lágmarkslánsfjárhæð er 500.000 krónur
- Lánstími til allt að 30 ára
- Engin lántökugjöld til 1. desember




LÁN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM43005

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Makríllinn stendur með Íslendingum.

## Ósvífni ESB

Evrópusambandið og Noregur hafa nú í hótunum við Ísland og Færeyjar vegna ákvörðunar landanna um að skammta sér einhliða makrílkvóta. Það er gömul saga og ný að skeytin gangi á milli strandþjóðanna við Norður-Atlantshaf vegna deilna um veiðar úr sameiginlegum fiskistofnum. Þeir, sem setið hafa að veiðum úr stofnunum eins og ESB og Noregur hafa gert í þessu tilfelli, eru tregir til að viðurkenna rétt annarra til hlutdeildar í veiðunum þegar stofninn breytir hegðun sinni og neitar að halda sig þar sem hann er vanur, eins og makríllinn gerir nú. Að lokum munu menn þó verða knúnir til samninga.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Evrópusambandið og Noregur eru ekki í neinni stöðu til að amast við veiðum Íslendinga, nú þegar makríllinn veður um alla íslenzku fiskveiðilögsöguna og veiðist meira segja á stöng í höfnum landsins. Réttur Íslands sem strandríkis til að veiða úr þeim fiskistofnum, sem finnast innan lögsögunnar, er ótvíræður. Stjórnvöldum í ESB og Noregi ferst að tala um óábyrga umgengni við auðlindina; sjálf hafa þau ekki farið eftir tillögum vísindamanna um heildarafla.

Hitt er svo annað mál að til lengri tíma litið gengur ekki að ákveða einhliða ríflegan makrílkvóta, þvert á ráð vísindamanna um skynsamlegan heildarafla. Það gæti stefnt stofninum í hættu og allir væru verr settir. Ísland er hins vegar í þeirri kunnuglegu stöðu að verða að taka sér stærri hlut úr stofninum en líklegt er að myndi semjast um í viðræðum um stjórn makrílveiðanna, í því skyni að knýja hin ríkin að samningaborðinu. Enn sem komið er hafa hin löndin ekki viðurkennt rétt Íslands og ekki viljað semja um skiptingu veiða úr stofninum. Nú þegar makríllinn stendur með Íslendingum í deilunni er líklegt að þar verði breyting á. Öll strandríkin bera þá ábyrgð að ná sanngjörnum samningum, sem hindra ofveiði.

Þetta er svipuð staða og var uppi á síðasta áratug, þegar norsk-íslenzki síldarstofninn breytti göngumynztri sínu og styrkti fyrir vikið kröfur Íslendinga um stærri hlutdeild í veiðum úr stofninum. Þegar samningar náðust var hlutdeild Íslendinga minni en sá afli, sem íslenzku skipin höfðu náð á meðan ekki hafði tekizt samkomulag. Á móti kom að þar var horft til langtímasjónarmiða um uppbyggingu stofnsins og allir græddu á samkomulaginu.

Hótanir ESB um að hætta að skiptast á veiðiheimildum við Ísland og Færeyjar eru innantómar hvað Ísland varðar, þar sem slík veiðiheimildaskipti eru hverfandi. Kröfur útgerðarmanna í Noregi og ESB-ríkjum um löndunar- eða viðskiptabann á Ísland og Færeyjar væru líka brot á alls konar alþjóðasamningum og litlar líkur á að á þær verði hlustað.

Bæði í einstökum ESB-ríkjum og hér á Íslandi hafa menn viljað tengja makríldeiluna við viðræður um aðild Íslands að ESB. Í sumum ESB-ríkjum vilja menn hóta því að tefja aðildarviðræður, haldi Ísland makrílkvótanum til streitu, og hér heima telja sumir að ekkert vit sé í að sækja um aðild að ríkjasambandi, sem kemur svona illa fram við litla fiskveiðiþjóð.

Makríldeilan kemur aðildarferlinu hins vegar ekki nokkurn skapaðan hlut við. Og það eina sem hún segir okkur um hugsanlegt hlutskipti okkar í ESB, er hvað framkvæmdastjórnin myndi verða fylgin sér og ósvífin fyrir okkar hönd ef kæmi til fiskveiðideilna við t.d. litla fiskveiðiríkið Noreg. Það þætti einhverjum ekki slæmt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Erfðabreytt matvæli

Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra tilkynnti í gær að sett verði reglugerð á næstunni þess efnis að allar matvörur sem innihalda hráefni úr erfðabreyttum lífverum og eru seldar hér á landi verði merktar sérstaklega. Í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu kemur fram að hér sé um mjög mikilvægt neytendamál að ræða, sem unnið verði að í góðu samráði við Neytendasamtökin.

### Neytendasjónarmið

Undanfarna daga hefur frumvarp ráðherra um breytingar á búvörulögum sætt gagnrýni en Samkeppniseftirlitið, Neytendasamtökin og Samtök verslunar og þjónustu hafa öll ráðist að frumvarpinu með þeim rökum að það komi í veg fyrir samkeppni og komi neytendum illa. Til þessara aðila var þó ekki leitað þegar frumvarpið var samið og er ekkert tillit tekið til þessara sjónarmiða í frumvarpinu sjálfu. Það er því ljóst að neytendasjónarmið eiga bara upp á pallborðið á ákveðnum sviðum en ekki öðrum.



### Kvótakerfið fest í sessi

Með frumvarpi landbúnaðarráðherra er verið að festa enn frekar í sessi greiðslumarkskerfið sem mjólkurframleiðsla á Íslandi byggir á. Báðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í landbúnaðarnefnd skrifuðu undir nefndarálit þar sem lagt er til að frumvarpið verði samþykkt. Það verður að teljast forvitnilegt ef ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins 2009 er skoðuð. Þar kemur til dæmis fram að stefna eigi að því að leggja kvótakerfi í landbúnaði niður í áföngum og að landbúnaður á Íslandi skuli stundaður á grundvelli frelsis til athafna. Erfitt er að sjá hvernig stuðningur við frumvarpið fellur að þessari ályktun.

magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hugmyndafræði Hitlers?

Evrópumál



Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Evrópusambandið var stofnað til að koma í veg fyrir að hildarleikur seinni heimsstyrjaldar gæti endurtekið sig í Evrópu. Markmið var að koma á varanlegum friði í álfunni eftir margra alda róstur. ESB byggir á grunngildum lýðræðis, mannréttinda, frjáls hagkerfis og réttláts ríkisvalds.

Þjóðríkin sem stofnuðu sambandið, Lúxemborg, Belgía, Holland, Frakkland, Ítalía og Þýskaland, ákváðu í upphafi að taka sameiginlegar ákvarðanir í málefnum kola- og stáliðnaðarins sem voru mikilvægar stoðir hagkerfisins. Svo vel tókst til að fáum árum síðar var ákveðið að koma á sameiginlegum markaði ríkjanna. Ríkin deilu með sér völdum á afmörkuðum sviðum til að tryggja frjáls viðskipti og stuðning við þá sem þurfa þótti, eins og bændur og sjómenn.

Þjóðríkin hafa síðan ákveðið að taka sameiginlegar ákvarðanir á fleiri sviðum eins og í umhverfis- og uppbyggingarmálum. Þau hafa talið að samvinna á þessum sviðum skili meiru en sundrung.

ESB hefur ekki eingöngu tekist ætlunarverk sitt að tryggja frið innan sinna vébanda heldur hefur því tekist að stuðla að auknu lýðræði og aukinni virðingu fyrir mannréttindum í álfunni allri. Samvinna þjóðríkjanna innan ESB hefur auk þess skilað sér í betri lífskjörum fyrir almenna borgara og gert Evrópu samkeppnishæfari á heimsmarkaði. Bretar sóttust til að mynda fljótlega eftir inngöngu í sambandið þegar ljóst var að hagur ríkja innan sambands var mun betri en þeirra sem fyrir utan það stóðu. Í dag hafa flest þjóðríki Evrópu gengið í sambandið. Þau sem ekki hafa þegar gert það stefna flest að inngöngu.

Það er líka ESB að þakka að við Íslendingar getum ferðast frjálsir, unnið hvar sem er og sótt menntun í Evrópu. Þetta gerist ekki sjálfkrafa. Full þáttaka í samvinnu ríkja innan sambandsins mun enn bæta aðstöðu okkar hvað þetta varðar, stórbæta lífskjör og samkeppnisstöðu fyrirtækja svo fátt eitt sé nefnt. Áratuga samvinna þjóðríkjanna innan ESB sýnir þetta sem og fjöldinn allur af rannsóknum sem gerðar hafa verið. Við munum einnig hafa áhrif á þá löggjöf sem sett er af sambandinu hér á landi. Í dag er það óvinnandi vegur vegna skipulags EES.

Þegar þingmaður líkir ESB við ríki nasista og segir það byggja á hugmyndafræði Hitlers setur mann hljóðan.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hverjir eiga auðlindina?

Orkumál

Árni Sigfússon
Bæjarstjóri í Reykjanesbæ



Andstæðingar einkaframtaks í virkjanamálum gefa í skyn að einkaframtak, sérlega útlent einkaframtak, sé af hinu slæma í orkumálum. Þeir segja blákalt að verið sé að selja auðlindirnar frá Íslendingum og nefna dæmi HS orku í því sambandi. Ég vona að þeir sem þetta lesa fái betri innsýn í málið og geti leiðrétt þessi rangindi.

Reykjanesbær og Grindavík eiga land og jarðhitaréttindi undir virkjunum HS orku á Reykjanesi. Sveitarfélögin hafa samið við HS orku um heimild til að nýta þessa orku með virkjunum á svæðinu gegn afgjaldi í hlutfalli við þá orku sem sköpuð er. Þetta gjald nemur árlega um 50 milljónum kr. og fer fljótlega í 70 milljónir á ári við fyrirhugaða stækkun virkjana. Fyrir gerð þessara samninga hafði verið innheimt mun lægra gjald hér á landi.

### Hvað er eðlilegur leigutími?

Afnotatími HS orku af landi sveitarfélaganna var samþykktur til 65 ára með framlengingarrétti. Þannig er þetta heimilað í gildandi lögum og farið eftir þeim. Ósk iðnaðarráðherra um að stytta þennan tíma hefur verið vel tekið af Reykjanesbæ, Grindavík og HS orku. Þó er á það bent að rétt eins og fjölskylda byggir ekki hús sitt á lóð, sem óvíst er að verði leigð þeim áfram eftir t.d. 20 ár, gildir það enn frekar um tugmilljarða kr. virkjanir. Það þarf að tryggja eðlilegan afnotatíma. 65 ár með heimild til að semja um framlengingu var niðurstaða löggjafans, sem hann virðist nú vilja breyta. Við skulum ekki elta ólar við það en varast vitleysu í þessu máli.

### Hver ákveður hvort má virkja?

Áður en virkjanirnar eru byggðar þarf heimild ríkisins fyrir þeim. Það er Orkustofnun sem ákveður hvar má virkja, hvað má virkja mikið og setur reglur um nýtingu viðkomandi svæðis. Hún fylgist svo með viðkomandi svæði til að tryggja að upptekt úr jarðvökva skaði ekki framtíðarmöguleika svæðisins. Það getur því enginn annar aðili, hvorki virkjanafyrirtækið né sveitarfélag, sem eigandi lands eða skipulagsaðili, ákveðið hvort megi virkja eða hvað mikið.

### Hver borgar virkjunina?

Í stað þess að taka þátt í tugmilljarða kostnaði eða ábyrgðum vegna virkjana njóta nú sveitarfélögin auðlindagjalds fyrir afnot af landinu. Í tilfelli HS orku, var fyrirséð fyrir mörgum árum að sveitarfélögum, sem eigendum, væri ekki stætt á að fjármagna tug milljarða virkjanir til atvinnureksturs með skattfé eða lánaábyrgðum. Þess vegna þótti mikilvægt að fá einkafjármagn inn í virkjanareksturinn.

### Hver á land og auðlind?

Þegar ríkið ákvað að selja sinn hluta í HS til einkaaðila fyrir 3 árum síðan, var ekki búið að tryggja að landið og auðlindin færi úr eigu HS. Því gat einkaaðili eignast land og auðlind. En þessu sá Reykjanesbær við með því að skilyrða sölu sína á hlut í HS orku við að þá seldi HS orka Reykjanesbæ landið og jarðhitaréttindin. Samhliða var gerður samningur um að HS orka leigði réttindin, enda þegar komnar virkjanir í hennar eigu á svæðin. Þá gerði Grindavíkurbær sambærilegan samning við HS orku. Nú eiga Grindavík og Reykjanesbær land og auðlind. Við þessa samninga tryggði Reykjanesbær sér einnig meirihluta í HS veitum, sem áður var stór hluti af HS fyrirtækinu. Þær sjá um að flytja og selja heitt og kalt vatn ásamt raforku til heimila og fyrirtækja.

### Tækifærin

Glitnir hafði leitt undirbúning að stofnun Geysis Green Energy árið 2007, sem skyldi vera framvörður Íslands í útrás tækniþekkingar á jarðvarmasviði. Kallað hafði verið til verkfræðifyrirtækja og sérfræðinga í jarðvarmavinnslu til samstarfs og eignarhalds í GGE. Þegar ríkið bauð eignarhlut sinn í HS til sölu bauð þetta fyrirtæki hæst. Tengsl útrásarvíkinga við fyrirtækið eftir efnahagshrunið hafa skyggt á þessa mikilvægu grunnhugmynd. GGE byggði á lánum og stóð afar veikt eftir bankahrunið. Kanadískur aðili, Ross Beaty, aðaleigandi Magma, með öfluga fjárhagsstöðu og sérfræðiþekkingu í jarðfræði, sýndi þá áhuga á að koma að HS orku. Hann hafði sterka sýn á tækifæri Íslands til markverðs framlags til umheimsins í útvegun endurnýjanlegrar orku víða um heim. Magma keypti hlut GGE í HS orku, auk hlutar Sandgerðis og Orkuveitunnar en inni í þeim hlut var eign Hafnarfjarðar.

### Aðeins eitt breyst með tilkomu Magma

Engin breyting er á samningum sveitarfélaganna við HS orku vegna kaupa Magma í HS orku. En einkafjármagn til framkvæmda er tryggt. Sveitarfélögin eiga enn landið og auðlindina, HS orka hefur samning um nýtingu. Orkustofnun gætir að réttri nýtingu orkusvæða. Sveitarfélög standa ekki lengur undir virkjanakostnaði, hvorki beint af skattfé almennings né með nýjum ábyrgðum. Þau njóta hagnaðar af auðlindagjaldinu og skatta af vel launuðum störfum sem myndast. Allir Íslendingar njóta góðs af þeim fyrirtækjum sem nota orkuna. Vonandi tekst að ljúka samningum um orku til álvers í Helguvík en undirbúningur þess verkefnis hefur staðið yfir í 5 ár og kom lengst af Magma ekkert við.

Það er von mín að þeir sem á annað borð hafa sýnt málefni HS orku, Magma, auðlindaeign og jarðvarmavirkjunum áhuga aðstoði okkur íbúa Suðurnesja við að leiðrétta þær röngu fullyrðingar sem tröllríða fjölmiðlum og bloggsíðum. Ísland verður ekki endurbyggt á röngum upplýsingum eða af öfgamönnum og allra síst með því að útiloka einkarekstur frá mikilvægum atvinnutækifærum í landinu.

# Ríkisvæðing flokkakerfis

Stjórnmál

Björn Jón Bragason
Sagnfræðingur og laganemi



Á umliðnum misserum hafa styrkir fyrirtækja til frambjóðenda og stjórnmálaflokka hneykslað margra. Í umræðum um þessi mál hefur ríkisstyrki til stjórnmálaflokka þó lítið borið á góma.

Þegar rætt er um styrki fyrirtækja til frambjóðenda er því oft haldið fram að frambjóðandinn verði með einhverjum hætti háður gefandanum. Á því er sjálfsagt allur gangur en hinu verður ekki á móti mælt að ríkisrekið flokkakerfi hér á landi hefur fest stjórnmálaflokkana í sessi sem varðhunda hins opinbera kerfis. Á tímum gríðarlegs samdráttar í atvinnulífinu eru almenningur og fyrirtæki skattpínd enn frekar til þess eins að hægt sé að halda úti alltof stóru ríkisbákni. Til að bæta gráu ofan á svart hefur ríkisstyrkur til stjórnmálaflokkanna á Alþingi verið aukinn og nemur nú hundruðum milljóna króna á ári hverju.

Í lýðræðisþjóðfélagi eiga stjórnmálasamtök að byggja starf sitt á frjálsu framlagi einstaklinga, hvort heldur er á formi vinnu eða fjármuna. Það er siðferðilega rangt að skattgreiðendur séu neyddir til að greiða kostnað við útbreiðslu stjórnmálahugmynda sem þeim þóknast ekki. Með ríkisreknu flokkakerfi eru stjórnmálin gerð samdauna því kerfi sem þau ættu með réttu að breyta og bæta. Eitt brýnasta hagsmunamál samtímans er að afnema með öllu ríkisstyrki til stjórnmálaflokka.

ÚTSALA
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% AFSLÁTTUR
REIÐHJÓL 30% AFSLÁTTUR
GÖNGUSKÓR 20-40% AFSLÁTTUR
BAKPOKAR 20% AFSLÁTTUR
VEIÐIDEILD 20-60% AFSLÁTTUR
SVEFNPOKAR 20-30% AFSLÁTTUR
ULLARFATNAÐUR 20% AFSLÁTTUR
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# TAX FREE
# FRAMKVÆMDA-TILBOÐ




Komdu og fáðu tilboð í verkið hjá okkur að upphæð 300 þúsund eða meira, og þú færð **TAX FREE af öllum vörum**, allt frá eldavél til þakefnis!

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

**HÚSASMIÐJAN**
Þú færð vöruna í verkið Tax free í Húsasmiðjunni.

FRAMKVÆMDALÁN
Landsbanki Íslands · Arion banki · Íslandsbanki · Íbúðalánasjóður

Ef þú þarft fjármögnun þá færð þú hagstæð framkvæmdalán hjá bankanum þínum.

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

Þú færð 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af allri vinnu fagmanna auk skattaívilnunar allt að 300 þús.

Afgreiðslutími verslana sjá www.husa.is
Gildir til 31.ágúst

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Að sjálfsögðu greiðir Húsasmiðjan virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Taxfree tilboð jafngildir 20.32% verðlækkun og er alfarið á kostnað Húsasmiðjunnar

# BYRJAÐU HJÁ OKKUR

## MUNDU AÐ NÝTA ÞÉR TAX FREE FRAMKVÆMDATILBOÐIÐ OG VERÐIÐ LÆKKAR ENN MEIRA!



1.995 kr/m²

Blanco Rústico 20x25
Ódýrar og góðar hvítar veggflísar m/bugðóttu yfirborði, Stærð 20x 25 frá Spáni.
8611001



2.990 kr/m²

**Fasaður Eikarplanki,**
Plastparkett
Þykkt: 8mm Gríðarlega sterkt, ótrúlega fallegt gæðaefni á frábæru verði, framleitt í Austurríki.
147050




2.495
~~2.995~~
ÓDÝRT

Innimálning
3lítrar
7119960



KEOPE

2.990 kr/m²

Pietra Serena 30x30
Frostþolnar og gegnheilar gólfflísar á bílskúrinn eða svalirnar, til í fleiri litum.
Þykkt: 8,6mm Mjög skerkar, Ítölsk framleiðsla.
8630030

FROSTÞOLNAR FYRIR BÍLSKÚRINN, SVALIRNAR OG STIGAGANGINN




10 ltr

6.995
~~8.995~~

Veggmálning
7119888

HÁGÆÐA INNIMÁLNING



4.990 kr/m²

Mósaík Mix hvítt og grátt
Mikið úrval af Mósaík flísum frá Vidrepur á Spáni, frostþolnar, flísastærð 2,5x2,5 - mottustærð 30x30
8620400

MÓSAÍK FLÍSAR



MORALT TÜREN

INNIHURÐIR
MIKIÐ ÚRVAL
FRÁBÆRT VERÐ



3.790 kr/m²

VEGGFLÍSAR
Blanco Brillo
Veggflísar, skemmtileg stærð, til í glans eða möttu, einnig til í svörtu glans. Framleitt á Spáni.
8640000



7.790 kr/m²

FROSTÞOLNAR FLÍSAR

Izar 30x60
Hágæða frostþolnar og gegnheilar flísar frá Piemmegres á Ítalíu, einnig til beige (Albireo) og gráar (Dubhe). Hægt að fá mósaík í stíl.
8630715



6.290 kr/m²

3ja stafa Eik Structure
Frábært efni sem fljótlegt er að leggja, gríðarlega sterkt lakk og líklega ein besta kræjkan á markaðnum í dag. Framleitt í Austurríki
146395

HÁGÆÐA PARKET

Weitzer Parkett

Látum verkin tala!

**Með Tax Free framkvæmdatilboði lækkar verðið enn meira!**

HÚSASMIÐJAN

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

PEREZ MUSHARRAF ER 67 ÁRA Í DAG



*„Munið að hugarfari verður ekki breytt með valdi og þvingunum. Engri hugmynd verður troðið upp á nokkurn mann með valdi.“*

***Perez Musharraf er pakistanskur stjórnmálamaður sem var tíundi forseti Pakistans á árunum 2001 til 2008. Hann sagði af sér 18. ágúst 2008.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. ÁGÚST 1929

## Bud Billiken-gangan haldin fyrst



BILLIE HOLIDAY

Bud Billiken-skemmtigangan var haldin í fyrsta sinn 11. ágúst árið 1929. Hún hefur verið haldin árlega í Chicago síðan og er elsta og stærsta skemmtiganga blökkumanna í Bandaríkjunum. Hún er einnig önnur stærsta skemmtiganga sem haldin er þar í landi.

Hugmyndina að göngunni fékk Robert S. Abbott, stofnandi dagblaðsins Chicago Defender. Bud Billiken var persóna sköpuð af Abbott sem hafði verið að velta fyrir sér að bæta við kafla fyrir yngri lesendur dagblaðsins. Persónan varð vinsæl í teiknimyndaþætti blaðsins.

Þrátt fyrir að persónan hafi verið sköpuð árið 1923 varð skemmtigangan ekki að veruleika fyrr en 1929 þegar David Kellum hratt henni af stað. Var það gert til að fagna einingunni í fjölbreytileika barna í Chicago. Viðburðurinn hefur síðan vaxið og dafnað og er í dag sjónvarpað á heimsvísu.

Í Bud Billiken-skemmtigöngunni hafa ýmsir tekið þátt í gegnum tíðina, meðal annars stjórnmálamenn, fegurðardrottningar og tónlistarmenn. Meðal frægra má nefna Billie Holiday, Michael Jordan, Oprah Winfrey og Harry S. Truman.

### MERKISATBURÐIR

**1794** Sveinn Pálsson læknir gengur á Öræfajökul við annan mann. Var það í fyrsta sinn sem gengið var á jökulinn.

**1938** Baden-Powell, upphafsmaður skátahreyfingarinnar, kemur til Reykjavíkur ásamt hópi skátaforingja frá Englandi.

**1973** Austurstræti í Reykjavík gert að göngugötu til reynslu. Það var opnað aftur að hluta 1. desember 1991.

**1979** Flaki af Northrop-flugvél lyft upp úr Þjórsá, þar sem vélin nauðlenti vorið 1942. Hún fór á safn í Noregi.




## 70 ára afmæli

**Í tilefni af 70 ára afmæli mínu mun ég taka á móti gestum á heimili mínu, Gilhaga 1 v/ Árbæjarveg í Ölfusi, laugardaginn 14. ágúst kl. 17.00**

**Hilmar Leifur Sveinsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Eðvaldsson**

húsasmíðameistari,
Bakkahlíð 29, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 1. ágúst. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. ágúst kl. 13.30.

**Ingigerður Guðmundsdóttir**
**Sigurður Gunnarsson** **Elín Anna Guðmundsdóttir**
**Lára Gunnarsdóttir** **Ingólfur Valur Ívarsson**
**Axel Gunnarsson** **Sigríður Gróa Þórarinsdóttir**
**Birgir Gunnarsson** **Guðrún Huld Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Berg Bergsteinsson,**

Grandavegi 47, Reykjavík,

sem lést 30. júlí á Hjúkrunarheimilinu Grund, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 13. ágúst kl. 15.00.

**Steinunn Stefánsdóttir**
**Sigurbergur M. Ólafsson** **Ragnhildur Bergþórsdóttir**
**Sigríður V. Ólafsdóttir** **Hafþór Halldórsson**
**Kristján G. Ólafsson**
**Stefán Oddsson**
**barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Felixson**

húsasmiður, Andrésbrunni 17, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 3. ágúst. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 12. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi í síma 543 1159.

**Fríða Freymóðsdóttir**
**Erla Helgadóttir** **Tómas Guðmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


SÆUNN ÝR MARÍNÓSDÓTTIR: ÚTSKRIFAST ÚR KLASSÍSKUM BALLET

# Öskubuska var draumurinn

„Ég var að útskrifast úr Hungarian Dance Academy í Ungverjalandi í klassískum ballett,“ segir Sæunn Ýr Marínósdóttir ballerína sem stundað hefur nám við skólann í þrjú ár. Skólinn er virtur í balletheiminum.

„Það er mjög erfitt að komast inn,“ segir Sæunn og útskýrir það nánar: „Það er náttúrulega inntökupróf en það þýðir samt ekki bara að vera góður. Maður þarf að hafa beinabygginguna líka.“ Sæunn er eini Íslendingurinn sem stundað hefur nám við skólann. „Svo eru alltaf próf í janúar og júní þar sem fólki er hent út úr skólanum. Þannig að ég hef gengið í gegnum ýmislegt,“ segir Sæunn. Á þriðja tug hóf nám á fyrsta ári haustið 2007 en einungis þrjár þeirra útskrifuðust nú með BA-gráðu.

Sæunn hóf ballettnám þriggja ára gömul en hafði dreymt um að verða ballerína áður en hún hóf námið. „Mamma sagði að ég hefði sagt þegar ég var tveggja ára að ég ætlaði að dansa Öskubusku á sviðinu í Þjóðleikhúsinu,“ útskýrir Sæunn en hún veit ekki hvaðan hún fékk þá flugu í höfuðið.

Þegar Sæunn var tíu ára hóf hún nám við Listdansskóla Íslands og þegar hún var sextán ára fór hún til Svíþjóðar til náms við Konunglega sænska ballettskólann. „Mig langaði að fara á fyrsta ári í menntaskóla en mamma leyfði mér það ekki. Síðan fékk ég loksins að fara þegar ég var búin með eitt ár í Menntaskólanum við Hamrahlíð.“

Sæunn hafði stundað nám í Svíþjóð í þrjú ár áður en hún fór til Ungverjalands. Hún útskrifaðist með stúdentspróf frá Konunglega sænska ballettskólanum vorið 2007. „Í Svíþjóð var ég með kennara sem var ungverskur. Fyrir þremur árum var ég ekki tilbúin að fara beint út í atvinnulífið þannig að ég ákvað að fara til Búdapest.“

En var mikill munur á Svíþjóð og Ungverjalandi? „Það er náttúrulega allt öðruvísi. Ungverjar eru svolítið sérstök þjóð. Þeir eru stoltir af þjóðerni sínu og það er svolítið erfitt því að þótt maður sé inni í skólanum þá fær maður alveg að heyra að maður sé ekki ungverskur,“ upplýsir Sæunn og bætir við að flestir í skólanum séu ungverskir. „Þetta er líka þannig skóli að það er mikil samkeppni innan hans og við verðum ekki eins góðar vinkonur og í Svíþjóð.“

Þegar Sæunn er innt eftir því hvað taki nú við segir hún: „Ég er komin með vinnu sem dansari í Dortmund í Þýskalandi.“

martaf@frettabladid.is



**GENGIÐ Í GEGNUM ÝMISLEGT** Mikil samkeppni er innan Hungarian Dance Academy skólans sem Sæunn útskrifaðist frá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Í minningu athafnamanns

Minnisvarði um Gísla Jónsson, alþingismann og athafnamann, var afhjúpaður nýlega á Bíldudal. Honum var valinn staður á túninu fyrir ofan Matvælaiðjuna sem Gísli stofnaði á sínum tíma og framleiddi meðal annars hinar landsfrægu Bíldudals grænar baunir. Það voru Nanna Sjöfn Pétursdóttir skólastjóri, Jón Þórðarson framkvæmdastjóri og Jón Kr. Ólafsson söngvari sem einkum stóðu fyrir því að heiðra með þessum hætti minningu þessa merka manns.

Gísli var fæddur á Álftanesi 17. ágúst 1889 og flutti með foreldrum sínum vestur í Arnarfjörð 12 ára gamall. Eftir það sló hjarta hans fyrir Bílddælinga, eins og Margrét Haraldsdóttir, kennari og sonardóttir Gísla, orðaði það í ávarpi sínu við afhjúpun minnisvarðans.

Gísli nam járnsmíði og vélstjórn og starfaði sem kyndari og vélstjóri á sjó. Hann var skipaður umsjónarmaður skipa og véla árið 1924 og sá um smíði nýsköpunartogara ríkissjóðs á árunum 1945 til 1950. Einnig stofnsetti hann fyrirtækin Gísli Jónsson & co og Bifreiða- og landúnaðarvélar. Þá rak hann verslun og útgerð á Bíldudal og reisti þar rækjuvinnslu og fiskimjölsverksmiðju.

Gísli var sjálfstæðismaður og sat á þingi fyrir Barðastrendinga og Vestfirðinga. Hann lést árið 1970. Heimild/www.vesturbyggd.is -gun



**VIÐ MINNISVARÐANN** Tveir Gíslar sem báðir eru afkomendur Gísla Jónssonar afhjúpuðu minnisvarðann. MYND/MAGNÚS ÓLAFS HANSSON





# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Þarf prentun?
Vistvæna prentun?
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 4. ágúst 2010 – 8. tölublað – 6. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



Hermann Guðmundsson

N1 ekki til sölu 2



Bankar

Hagræðing framundan 4-5

Forstjórabíllinn

Yfir heiðina með Óla Kristjáni 6





**STANDA AÐ GREENQLOUD** Tryggvi Lárusson Þróunarstjóri og Eiríkur Sveinn Hrafnsson framkvæmdastjóri.

## Bjóða nýtt tölvuský

Nýtt íslenskt sprotafyrirtæki, Greenqloud ehf., segist opna fyrsta umhverfisvæna „tölvuský“ heims síðar á þessu ári. Fyrirtækið var í júní valið í hóp ellefu heitustu sprotafyrirtækja heims á sviði tölvuskýja af tæknivefnum GigaOm.com.

„Tölvuský eins og það sem Greenqloud býður upp á snýst um að bjóða vélbúnað (miðlara, geymslupláss, net o.fl.), sem hýstur er í gagnaverum, sem þjónustu í sjálfsafgreiðslu,“ segir í tilkynningu.

Þar sem fyrirtækið ætlar að leigja rými í nýjum og væntanlegum gagnaverum hér á landi þá er það sagt standa vel að vígi varðandi endurnýjanlega orku. Viðskiptavinum verður boðið upp á mælaborð á skjánum sem sýnir tölfræði orkunotkunar hans og geta þeir þannig samstundis séð hversu mikinn útblástur þeir hafa sparað miðað við það svæði sem þeir búa á. **- óká**



**BANKASTJÓRINN** Seðlabanki Bandaríkjanna reiknar með hægum efnahagsbata. MARKAÐURINN/AP

## Kaupa aftur ríkisskuldir

Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað í gær að nýta vaxtatekjur af verðbréfaeign sinni til kaupa á skuldum hins opinbera. Tilgangur kaupa skulda bandaríska ríkiskassans er í meginatriðum sá sami og hjá Seðlabanka Íslands, það er að spara vaxtakostnað.

Seðlabankinn ytra gaf það jafnframt út í gær að reiknað sé með hægum bata efnahagslífsins. Bankastjórnin gaf það út að vænst sé til þess að viðskipti seðlabankans hreyfi við fjármagnsmörkuðum og glæði eftirspurn á bandarískum neytendamarkaði. **- jab**

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Jansson hættir** Framkvæmdastjóri skandinavíska flugfélagsins SAS, Mats Jansson, ætlar að hætta í haust eftir að hafa starfað hjá flugfélaginu í fjögur ár. Þessi fjögur ár hefur hann notað til þess að draga verulega úr útgjöldum flugfélagsins, sem enn er þó rekið með tapi. Matsson verður sextugur á næsta ári og segir tíma kominn til að láta öðrum stjórnina eftir.

**Leyfa BlackBerry** Stjórnvöld í Sádi-Arabíu segjast nú ætla að leyfa notkun samskiptaþjónustu Blackberry-símanna áfram eftir að hafa „náð árangri“ í viðræðum við kanadíska framleiðendur símanna, eins og yfirmaður fjarskiptamála í Sádi-Arabíu orðaði það. Stjórnvöld þar í landi höfðu ætlað sér að banna símana, og báru við öryggisástæðum.



**Sviknir vilja meira** Fjárfestar, sem töpuðu fé sínu í svikamyllu Bernards Madoff, eru ósáttir við að fá einungis greitt til baka það fé sem þeir lögðu í svikamylluna, eins og alríkisdómstóll úrskurðaði í mars. Þeir vilja ógilda þann úrskurð og krefjast þess að fá allt það fé sem fullyrt var að þeir ættu samkvæmt yfirlitum sem þeir fengu send frá Madoff.





**Kínverjar flytja meira út** Útflutningur frá Kína jókst um 38 prósent í júlí, en hafði aukist um 44 prósent í júní. Innflutningur jókst um tæp 23 prósent í júlí en hafði aukist um 34 prósent í júní. Á Vesturlöndum óttast menn að þetta dragi úr efirspurn og lækki verð á framleiðsluvörum. Kínverska júanið hefur lækkað hægt síðan þarlend stjórnvöld hættu við tengingu þess við Bandaríkjadal í júní síðastliðnum.

# Seðlabanki gæti stöðvað styrkingu krónu

Hefur valdið minnkun verðbólgu og auknum kaupmætti en frekari styrking kann að koma illa við útflutningsfyrirtæki.

**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
skrifar

Íslenska krónan hefur styrkst umtalsvert á síðustu vikum og eftir 2,4 prósenta styrkingu síðustu tvær vikur er gengi hennar nú 11,5 prósentum hærra en um síðustu áramót. Styrkingin hefur áhrif víða í efnahagslífinu og hefur til að mynda valdið auknum kaupmætti launa.

„Gjaldeyrishöftin hafa hjálpað krónunni að klifra upp. Það er vöruskiptaafgangur sem er nú allur að koma inn á gjaldeyrismarkaðinn og almennt séð hefur traustið á krónunni líka vaxið. Það eru svona helstu ástæðurnar,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka. Í frétt á vef Íslandsbanka um styrkinguna kemur fram að hækkunin tengist líka auknu gjaldeyrisinnflæði sem rekja má til ferðaþjónustu en það flæði er í árstíðarbundnu hámarki um þessar mundir.

Til að setja styrkinguna í samhengi er hægt að bera saman verð evru og dollara í upphafi árs og svo núna. Um áramótin kostaði evran 179,9 krónur en kostar nú 154,0, dollarinn kostaði hins vegar 124,9 krónur þá en kostar nú 116,8.

Ásgeir segir styrkinguna hafa þau áhrif helst að verðbólgan hjaðni auk þess sem hún auki kaupmátt almennings. Styrkingin hafi hins vegar neikvæð áhrif á útflutningsfyrirtækin. „Ef við tökum verðbólguna þá munum við sjá hana bara hverfa ef krónan veikist ekki aftur. Krónan hefur áhrif á um 40 prósent af vísitölu neysluverðs og húsnæðisverð er 20 prósent af vísitölunni. Báðir þessir liðir eru á niðurleið svo það gefur augaleið að verðbólgan lækkar,“ segir Ásgeir.

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNAR**




*Lækkun gengisvísitölu krónunar merkir að krónan er að styrkjast.

Lægri verðbólga hefur gefið Seðlabankanum meira rými til að lækka vexti auk þess sem styrking hefur orðið án nokkurra inngripa Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði. Bankinn hefur ekki komið inn á markaðinn síðan í nóvember í fyrra.

Ásgeiri finnst líklegt að Seðlabankinn taki bráðlega í taumana á gjaldeyrismarkaðnum og stöðvi þessa styrkingu. „Á einhverjum tímapunkti hlýtur Seðlabankinn að koma inn á markaðinn og stöðva þessa styrkingu með því að kaupa gjaldeyri. Það var gefið til kynna á síðasta peningamálafundi að slíkt yrði gert. Seðlabankinn þarf að byggja upp gjaldeyrisforða áður en við getum tekið höftin af og þessi tímapunktur virðist vera góður því út frá þjóðhagslegum forsendum er ekkert rosalega gott að láta gengi krónunnar styrkjast mikið meira,“ segir Ásgeir og bætir því að það helsta sem hvetji áfram atvinnulífið og sköpun starfa um þessar mundir sé útflutningur sem hagnist á lágu gengi.

# Spá 50 punkta lækkun stýrivaxta

Greiningardeildir Íslandsbanka og Arion banka segja lækkunarferli SÍ halda áfram. Ef ekki væri fyrir áframhaldandi óvissu þá mætti lækka vexti meira.

Seðlabanki Íslands lækkar stýrivexti sína um sem nemur 0,50 prósentustigum (50 punktum) á vaxtaákvörðunardegi sínum 18. þessa mánaðar, gangi eftir spár greiningardeilda Íslandsbanka og Arion banka. Greiningardeildir beggja banka gera ráð fyrir að við lækkunina fari vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana, sem eru hinir eiginlegu virku stýrivextir í dag, niður í 6,0 prósent og vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 7,5 prósent.

Bent er á það í umfjöllun greiningardeilda beggja bankanna að hjöðnun verðbólgu síðustu mánuði hafi skapað verulegt svigrúm til frekari vaxtalækkunar, en verðbólga hafi gengið hraðar niður en gert hafi verið ráð fyrir í síðustu hagspá Seðlabankans. Þá standi gengi krónunnar undir því að forsendur séu til frekari tilslökunar peningastefnunnar, skuldatryggingarálag ríkisins hafi lækkað og utanríkisviðskipti haldið áfram að skila afgangi.

„Óvissan varðandi aðgengi Íslands að erlendu fjármagni hefur lítið breyst,“ bendir Greining Íslandsbanka á og greiningardeild Arion segir óvissu vegna dómsins um ólögmæti gengistryggðra lána gera að vextir verði líklega ekki lækkaðir meira nú, þótt aðrir hagvísar gæfu tilefni til meiri lækkunar.

Við síðustu vaxtaákvörðun, 23. júní síðastliðinn, lækkuðu stýrivextir Seðlabankans líka um sem nemur 0,50 prósentustigum. „Má geta þess að þá vildu tveir af fimm nefndarmönnum taka aðra ákvörðun og lagði annar til 0,25 prósenta vaxtalækkun og hinn 0,75 prósentna lækkun. Sá sem vildi meiri lækkun hélt því fram að best væri að bregðast við áhrifum gjaldeyriskreppunnar með gjaldeyrishöftum og nota lægri vexti til að bregðast við fjármagnskreppunni,“ segir í umfjöllun Íslandsbanka. **- óká**

# Delta flýgur til Íslands

Bandaríska flugfélagið Delta Airlines ætlar að opna flugleið frá New York til Íslands frá og með júníbyrjun á næsta ári. Frá því er greint á ferðavef AOL (America Online) að við þetta verði flugfélagið það eina af bandarísku flugfélögunum til að bjóða beint flug þaðan til Íslands.

Félagið ætlar að nota Boeing 757-200 þotu í flugið, en í henni verða 15 „business class“-sæti og 155 almenn. Flogið verður milli John F. Kennedy-alþjóðaflugvallarins og Keflavíkurflugvallar. - óká




**VIÐ ÞOTU DELTA** Flugfélagið Delta Airlines ætlar eitt amerískra flugfélaga að bjóða reglubundið flug hingað til lands.

# Nýjung í markaðsmálum á Íslandi

## Bláu ninjurnar vöktu athygli. Vildu nota samfélagsmiðla meira en áður.

Bláar ninjur hafa í sumar birst víða um land án nokkurrar skýringar. Nýlega kom í ljós að um markaðsherferð fyrir fartölvur hjá Nýherja er að ræða. Herferðin var unnin af auglýsingastofunni Kapital en starfsmenn hennar segjast lengi hafa beðið eftir tækifæri til að gera eitthvað þessu líkt.

„Við teljum okkur vera að fara ótroðnar slóðir á Íslandi. Það hefur lítið verið gert af því hér að nota samfélagsmiðla í herferðum í þeim mæli sem við höfum gert. Við höfum aðallega byggt á Facebook og Youtube,“ segir Davíð Már Bjarnason, framkvæmdastjóri Kapital.

Davíð segir að þeir hafi þurft að sníða herferðina eftir því hve auglýsingatímabilið áður en skólar byrja aftur er stutt. „Markmiðið var að vekja athygli og búa til vörumerki yfir sumarið og skipta svo á smekklegan hátt yfir í þennan hefðbundna auglýsingafasa nú í ágúst með því að afhjúpa ninjurnar sem auglýsingu. Ég held það hafi tekist ágætlega.“ - mþl



**STARFSMENN KAPITAL** Bláar ninjur á vegum Kapital fóru víða um land áður en hulunni var svipt af þeim.

## BANKABÓKIN

Samanburður á vaxtatöflum bankanna

| | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 3,80% A | 13,85% | 13,50% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 4,55% | 13,50% | 13,25% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 4,90% B | 13,75% | 13,75% |
| MP BANKI | MP-1 5,25% C | 13,25% | 11,75 til 13,25% |
| BYR | PM-reikningur 4,85% | 14,15% | 14,90% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 5,05% D | 14,75% | 14,20% |
| S24 …og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 4,20% | 13,10% | Ekki í boði. |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Bundinn í tíu daga. B Bundinn í sjö daga. C Bundinn í einn mánuð. D Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Hlutabréf í Hydro falla

Verð hlutabréfa Norsk Hydro féll um rúm fjögur prósent eftir að upplýst var að starfsemi hefði stöðvast í Quatalum-álverinu í Katar á mánudag. Norsk Hydro á álverið til helminga á móti Quatar Petroleum.

Bilun í raforkukerfi Katar olli fimm stunda rafmagnsleysi á mánudag. Við það lækkaði svo hitastig í bræðsluofnum álversins að ekki var hægt að hefja framleiðslu að nýju.

Álverið er nýtt og hafði náð 60 prósentum af áætlaðri nýtingu upp á 585 þúsund tonn. Full nýting átti að nást á þessu ári, en frestast um ófyrirséðan tíma. Atvikið er talið koma til með að hafa neikvæð áhrif á hagnað Norsk Hydro 2011, þótt of snemmt sé að segja til um hversu mikil.

- óká

# Ekkert til sölu í N1

## Móðurfélag N1 er í fjárhagslegri endurskipulagningu. Forstjórinn segir enga breytingu hafa orðið á eignarhaldi þrátt fyrir sögusagnir um annað.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Fjöldi fjárfesta hefur sýnt áhuga á að gerast hluthafi í olíuversluninni N1 en orðið lítið ágengt. Þar á meðal er erlendur fjárfestir, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hermann Guðmundsson, forstjóri fyrirtækisins, segir hlut í félaginu ekki til sölu og hafi engin breyting orðið á eignarhaldi þess síðastliðin fjögur ár.

Eignarhaldsfélagið BNT er móðurfélag N1. Helming í því eiga bræðurnir Benedikt og Einar Sveinssynir, löngum kenndir við Engeyjarættina. Hlutinn eiga þeir í gegnum fjárfestingafélögin Mátt og Hafsilfur eignarhaldsfélag. Staða félaganna veiktist verulega eftir bankahrunið, ekki síst eftir að Íslandsbanki tók hlut Máttar í Icelandair Group upp í skuldir í maí í fyrra.

Rekstur N1 hefur hins vegar gengið vel þrátt fyrir efnahagsþrengingar en félagið hagnaðist um tæpar 280 milljónir króna í fyrra samanborið við rúmlega 1,1 milljarðs króna tap árið á undan. Á móti hefur félagið verið nokkuð skuldsett síðan BNT yfirtók reksturinn árið 2006.

Tilkynnt var til Kauphallarinnar um miðjan júlí að hluti af lánum BNT, móðurfélags N1, sé kominn á gjalddaga og hafi ekki verið greitt af þeim á þessu ári. Unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu um þessar mundir.

Sögusagnir hafa verið á kreiki um að Íslandsbanki fari óformlega með stjórn N1 í krafti yfirtöku á helmingshlut í BNT. Hermann vísar því á bug. „Ég vil ekkert spá um framtíðina. En ég get þó sagt að allir hluthafar eru þeir sömu og í upphafi árs 2006. Engin teikn eru á lofti um að það breytist á næstu dögum,“ segir hann.



**HERMANN GUÐMUNDSSON** Forstjóri N1 segir fjárfesta hafa sýnt áhuga á kaupum á hlut í félaginu. Ekkert sé til sölu.
MARKAÐURINN/STEFÁN

### Dótturfélagið tapaði hálfum milljarði

Umtak, félag N1 sem á fasteignir olíuverslunarinnar, tapaði rúmum 464 milljónum krónum í fyrra sem er viðsnúningur frá rúmlega 2,4 milljarða króna hagnaði árið 2008. Niðurfærsla á fjárfestingaeignum, úr rúmum fimmtán milljörðum króna í sex hundruð milljónir, skýrir viðsnúninginn að miklu leyti.

Félagið skuldar 27 milljarða króna. Meginþorri skuldanna, 25,4 milljarðar, eru stökkbreytt lán sem Kaupþing veitti félaginu í evrum. Á móti eru eignir bókfærðar á 29,9 milljarða króna. Eigið fé í lok síðasta árs nam rúmum 2,7 milljörðum króna.

Í skýringum við ársuppgjörið í fyrra kemur fram að fall krónunnar liti uppgjörið og sé eiginfjárhlutfall nú rétt innan við tíu prósent. Hins vegar standist öll lánaskilyrði lánasamninga og hafi langtímalán félagsins verið í skilum um áramótin.


Stefnir - Ríkisvíxlasjóður.
Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

- 90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf / 10% innlán
- Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
- Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- Lágmarkskaup 5.000 kr.
- Enginn munur á kaup- og sölugengi.

Hafðu samband
sími 444 7000 arionbanki.is

Arion banki

Stefnir - Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 49433 03/10



# 4 vikna Lúxusnámskeið NORDICASPA

fyrir konur og karla

## Hjá okkur nærðu árangri!

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30**
- **Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon**

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.












**Ertu að glíma við:**

- Mataróþol
- Matarfíkn og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Þunglyndi
- Aðra lífsstílssjúkdóma

# 28 daga hreinsun NORDICASPA með mataræði og hreyfingu

- **Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur**
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- **Tímar: 6:45 og 17:20 mán/mið/fös.**
- **Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen**

**Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!**

**Bæði námskeiðin hefjast 16. ágúst**
Fyrirlestur 14. ágúst
**Verð kr. 34.900**
**Skráning er hafin í síma 444-5090**
**eða nordicaspa@nordicaspa.is**

NORDICASPA

WWW.NORDICASPA.IS




**SAMEINAÐUR SMÁBANKI?** Umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir eru nauðsynlegar í íslenska bankageiranum. Fækka þarf útibúum, segja upp starfsfólki og útvista þá starfsemi sem hægt er. Viðskiptaráðherra hugnast ekki sameining viðskiptabankanna við núverandi aðstæður. MARKAÐURINN/SAMSETT MYND

# Niðurskurður *nauðsynlegur í útþöndu* bankakerfi

Bankakerfið hér á landi jafnaðist á við margfalda landsframleiðslu þegar mest lét fyrir hrun. Þótt það sé nú dvergvaxið í samanburði telja margir uppstokkun á því nauðsynlega. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar.

Íslenska bankakerfið hefur lengi verið of stórt í alþjóðlegum samanburði, útibúanetið umfangsmikið og of margir að vinna í bönkunum. Á sama tíma hefur efnahagsreikningur bankanna skroppið saman. Það er samdóma álit viðmælenda Fréttablaðsins að nauðsynlegt sé að hagræða í bankageiranum með óvægnum niðurskurði. Að öðrum kosti muni ganga erfiðlega að reisa það við á ný.

**ÞUNGUR REKSTUR**

Í mánaðargamalli skýrslu Bankasýslu ríkisins, sem fer með hlut hins opinbera í þeim bönkum og fjármálafyrirtækjum sem ríkið hefur tekið yfir, kemur fram að hagræða þurfi í bankakerfinu.

Bankasýslan á hlut í öllum bönkunum þremur, mest í Landsbankanum en minnst í Íslandsbanka. Bankasýslan segir eðlilega arðsemiskröfu vera um fimmtán prósent. Einungis einn banki af þremur uppfyllir þau skilyrði. Það er Íslandsbanki. Arðsemi hans er á bilinu 28,7 til 32,5 af grunnrekstri á móti 2,4 til 6,4 prósent hjá Landsbankanum.

Í skýrslunni er tekið fram að rekstur bankanna byggist nú að stærstum hluta á þremur stoðum; endurmati eigna og gjaldeyrishagnaði, viðskiptabankastarfsemi og þóknunartekjum af eignastýringu. Stærsti og veigamesti tekjupósturinn, endurmat eigna, sé til skamms tíma. Ef ekki væri fyrir hann væri rekstur þeirra banka sem skila hvað minnstri arðseminni í járnum.

Þá kemur fram í skýrslunni að kostnaðarhlutfall, rekstrargjöld sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum, er of hátt í

## Tvö ný skref í bankaheimi

**Gangi allt eftir verður nýr netbanki opnaður á næsta ári. Hópur fjárfesta er sagður íhuga kaup á öðrum.**

Þrátt fyrir að bankakerfið hér sé of stórt í alþjóðlegum samanburði og lítið að gera telja sumir sig sjá tækifæri á fjármálamarkaðnum.

Einn netbanki er á teikniborðinu auk þess sem innlendir fjárfestar skoða kaup á hlut í banka eða fjármálafyrirtæki með viðskiptabankaleyfi.

**RÁÐGJAFARNETBANKI**

Stjórnendur ráðgjafarfyrirtækisins Sparnaðar, sem Ingólfur H. Ingólfsson fer fyrir, eru komnir vel á veg með stofnun netbanka, sem þjónusta mun einstaklinga og meðalstór fyrirtæki. Þeir leita þessa dagana að fjárfestum en hugmyndin er að safna fimm milljónum evra, jafnvirði átta hundruð milljóna króna, og verður hann í dreifðri eignaraðild. DV greindi frá því í síðustu viku að fyrirhugað sé að bankinn, sem ekki mun opna neitt útibú, hefji starfsemi á næsta ári.

Bakhjarlar bankans hafa enn ekki sótt um viðskiptabankaleyfi. Gangi allt eftir verður þetta fyrsta viðskiptabankaleyfið sem veitt verður innlendum viðskiptabanka sem stofnaður er frá grunni frá því Iðnaðarbanki Íslands var stofnaður árið 1953, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja jákvætt að nýr banki líti dagsins ljós. Erfitt geti reynst að keppa við þau fjármálafyrirtæki sem fyrir eru á litlum markaði. Framtíð bankans velti á nokkrum þáttum; svo sem hvaða fjárfestar séu tilbúnir til að festa fé í fyrirtæki á óstöðugum innlendum fjármálamarkaði sem óvíst sé hvenær losni undan gjaldeyrishöftum auk þess sem hann verði að uppfylla ströng skilyrði um áhættustýringu og innra regluverk, sem er kostnaðarsamur hluti í bankarekstri. Þá á enn eftir að koma í ljós hvað bankinn býður umfram önnur fjármálafyrirtæki.

**TÆKIFÆRI Í HÁUM VÖXTUM**

Eftir því sem næst verður komist er hópur fjárfesta að skoða kaup ýmist á banka eða fjármálafyrirtæki með viðskiptabankaleyfi að öllu leyti eða hluta. Hugmyndin mun upphaflega hafa verið að feta svipaða stigu og stjórnendur Sparnaðar. Fjárfestarnir hafi hins vegar talið það seinfæra og kostnaðarsama leið og því ákveðið að stytta förina með kaupum á fyrirtæki með viðskiptabankaleyfi.

Akkur er í viðskiptabankaleyfi við núverandi vaxtastig en þeir einu sem slíku flagga geta stundað vaxtamunaviðskipti við Seðlabankann, það er tekið við innlánum hjá viðskiptavinum og féð lagt inn á viðskiptareikning hjá Seðlabankanum. Vextir á innlánum bankanna liggja í kringum fjögur prósent. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana hljóða hins vegar upp á 6,5 prósent. Hagnaður af þess háttar viðskiptum þykir gulltryggður enda færist vaxtamunurinn af þeim sem hagnaður í bækur þess banka sem slíkt stundar.


INGÓLFUR H. INGÓLFSSON
SKÚLI MOGENSEN

Ekki liggur fyrir hvaða fjárfestar eru í hópnum. Nokkur nöfn hafa þó verið nefnd. Þar á meðal er nafn Skúla Mogensen, eins af stofnendum hugbúnaðarfyrirtækisins Oz. Þegar Skúli sneri aftur hingað eftir sölu á Oz í Kanada til Nokia haustið 2008 leitaði hann fjárfestingartækifæra hér víða. Hann hefur á síðustu níu mánuðum fjárfest í tæknifyrirtækjum á borð við Datamarket, Caoz og í gagnaverinu Thor Data Center fyrir samtals 1,3 milljarða króna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Auk þess var hann orðaður við kaup á þrettán prósenta hlut Byrs í MP Banka. Söluferlinu var frestað og situr Byr enn á hlutnum.

„Ég er ekki að vinna í skipulögðum hópi. En það er ekkert launungamál að ég hef áhuga á að koma að því að endurvekja hér traust umhverfi. Banki er lykill í slíkri enduruppbyggingu. Það er ekkert formlegt ferli í gangi enda langt í að slíkt fari af stað, því miður,“ segir Skúli. „Ég lít á þetta sem eitt af fjölmörgum tækifærum sem við skoðum. Það er enginn einn banki á borðinu. Þetta er almenns eðlis. Ef eitthvað kemur upp skoða ég það.“



**ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í HRÚTADÓMUM** fer fram á Sauðfjársetrinu í Sævangi á Ströndum laugardaginn 14. ágúst. Um kvöldið verður haldið Þuklaraball í félagsheimilinu á Hólmavík með sveiflukónginum Geirmundi Valtýssyni.




Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447




Andri Ottesen gekk Jakobsveginn í maí. Hér er hann með húfu og göngustaf úr ferðalaginu og svo aflátsbréf útgefið af kaþólsku kirkjunni sem göngufólk hlýtur í lok ferðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fetað í fótspor dýrlings

**Andri Ottesen gekk í maí Jakobsveginn eða Veg heilags Jakobs sem er ein þekktasta pílagrímaleið í Evrópu. Hann upplifði ýmis ævintýri og segist hafa orðið margs vísari um mannlegt eðli.**

„Ég vildi bara prófa eitthvað nýtt, skipta um umhverfi og hreinsa harða diskinn," segir Andri Ottesen framkvæmdastjóri, sem í maí gekk svokallaðan Jakobsveg, 850 kílómetra gönguleið sem nær frá bænum St. Jean Pied de Port í Suður-Frakklandi í gegnum borgina Santiago de Compostela þar sem göngumönnum eru veitt aflátsbréf til fyrirgefningar synda, til bæjarins Finisterra sem útleggst heimsendir á spænsku og er á vestasta odda Spánar.

Andri segir Jakobsveginn vera vinsæla gönguleið, eina þekktustu pílagrímaleið í Evrópu kennda við Jakob postula sem stóð fyrir kristnu trúboði á Spáni, en talið er að líkamsleifar hans sé að finna í Dómkirkjunni í Santiago de Compostela. „Algengt er að þeir sem eru á einhverjum tímamótum fari þessa leið og er tilgangurinn oft að leita svara við einhverju í lífinu," útskýrir Andri, sem ákvað að skella sér í ferðalagið með vini en sá varð frá að hverfa.

„Það kom þó alls ekki að sök, enda fara margir einir af stað en slást svo í för með öðrum hluta ferðarinnar eða jafnvel alla," tekur hann fram og kveðst hafa kynnst mörgu áhugaverðu fólki á leiðinni. „Þarna voru til dæmis áttræðir menn og harðjaxlar eins og sjötug kona sem féll fram fyrir sig og þurfti að sauma sjö spor í ennið á henni. Hún var byrjuð að ganga næsta dag. Þetta sýnir hvers mannsandinn er megnugur," segir hann.

Ferðalagið gekk í það heila vel að sögn Andra, þótt hann viðurkenni að það hafi tekið á. „Maður var vissulega oft dauðþreyttur, sársvangur og jafnvel rennandi blautur ef það rigndi, enda var þetta eins og að ganga Fimmvörðuhálsinn á hverjum degi og stundum tvöfalda þá vegalend, svefn-aðstaðan oft ekki upp á marga fiska, allt að 200 kojur í herbergjum sem maður deildi með ókunnugu fólki í klaustrum eða athvörfum."

En fengust í lokin svör við því sem Andri leitaði að? „Ég fékk kannski ekki beinlínis svör, en ég lærði hins vegar ýmislegt. Meðal annars áttaði ég mig betur á því hvað skiptir máli í lífinu og hvað eru gerviþarfir, með því að ganga í yfir þrjár vikur með allar helstu nauðsynjar í bakpoka. Eins komst ég að því að erfiðleikar og þjáningar eru aðallega hugarástand, sem hægt er að takast á við og yfirvinna með viljanum einum saman."

*roald@frettabladid.is*




friendtex

ÚTSALA

Þú kaupir 2 flíkur og færð þriðju flíkina FRÍTT með

Sú ódýrasta fylgir frítt með

Viljum bæta við duglegum og glaðlegum sölufulltrúum fyrir næsta sölutímabil
Hafið samband fyrir 25. ágúst í síma 568 2870 milli kl 11.00 og 17:00 eða sendið til okkar línu á sala@friendtex.is

Opið mánud. – föstud. frá kl 11 – 18
Lokað á laugardögum

50% 40%

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



Sparibuxur og betri buxur í vinnuna.

Upp í mitti.
2 snið - 3 síddir
Litur; svart og brúnt.
Eigum fleiri snið í einni sídd.
Str. 36 - 56
3% stretch

Kíkið á heimasíðuna okkar
www.rita.is

Rita

Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Mundu eftir að finna
besta verðið
áður en þú lætur þjónusta bílinn þinn!





Smurþjónusta
Perur
Bremsuklossar
Rúðuþurkur
Dekk
Rafgeymar
Alþrif & teflon
Sækjum & skilum

Allt á einum stað!

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

FERÐAFÉLAGIÐ ÚTIVIST heldur í 17 km dagsgöngu í Þórisdal á sunnudag. www.utivist.is









KRIYA YOGA

KYNNINGARFYRIRLESTUR UM KRIYA YOGA
Rajarshi Peter van Breukelen heldur fyrirlestur **13. ágúst kl. 19** í Yogastöðinni Heilsubót , Síðumúla 15. Fyrirlesturinn er öllum opinn og endurgjaldslaus.

INNVÍGSLA OG NÁMSKEIÐ
**14. - 15. ágúst** verður innvígsla í Kriya Yoga og hugleiðslutæknin kennd. Námskeiðið fer fram í Yogastöðinni Heilsubót, Síðumúla 15. Þetta er tækifæri sem áhugafólk um Yoga og andleg fræði vill ekki missa af.

Nánari upplýsingar: 691 8565 (Guðmundur), 897 9937 (Bjarni)






Ásbjörn fann stein í tvennu lagi með 25 ára millibili. Hornfirsk perlumöl í gólfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



Þessi skápur geymir gersemar. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Listaverk úr steinaríkinu

**Litskrúðugir og einstakir eðalsteinar eru til sýnis í nýju safni sem heitir Huldusteinn og er við Hafnarbraut 11 á Höfn í Hornafirði. Það er í eigu hjónanna Ásbjörns Þórarinssonar og Vigdísar Vigfúsdóttur.**

Stórir steinar og litlir. Hver og einn listaverk og engir tveir eins. Þau eru orðin mörg tonnin sem hjónin Ásbjörn Þórarinsson og Vigdís Vigfúsdóttir hafa borið af grjóti í bílinn sinn. Nú hafa þau komið upp safni í húsnæði gömlu sundlaugarinnar á Höfn sem þar með hefur hlotnast nýtt hlutverk. Það nefnist Huldusteinn og þar er steinunum smekklega komið fyrir bæði inni og utandyra. „Þetta er fyrst og fremst framtak Ásbjörns," segir Vigdís hæversk en viðurkennir þó að hafa fylgt bónda sínum eftir. „Oft förum við saman í steinaleitir, bæði til fjalla og í fjöru," segir hún. Ásbjörn tekur undir það og segir steinasöfnunina hafa verið áhugamál beggja alla þeirra búskapartíð, um fjörutíu og fimm ár.

Steinana hafa þau hjón aðallega tínt í fjöllum Austurlands en gefa ekki upp fundarstaði hvers og eins. Sumir hnullungarnir eru svo stórir að óskiljanlegt er hvernig hægt hefur verið að koma þeim ofan af tindum án vélarafls. „Safnið hefur ekki verið vigtað í heildina en það er ekki óalgengt að maður komi með fimmtíu kíló á bakinu ef maður fer á fjöll á annað borð," segir Ásbjörn.

Einn samlokustein fann Ásbjörn með tuttugu og fimm ára millibili. „Árið 1975 fann ég calsiton-stein og 25 árum seinna annan á svipuðum slóðum. Ég sá strax að þeir áttu saman og sagði Viggu að ég væri búin að finna lok á stein sem ég ætti heima. Hún hélt ég væri orðinn alveg ruglaður en lokið passaði alveg." *gun@frettabladid.is*



Jaspísar eru margir í Huldusteini og í ótal litbrigðum.



Steinasöfnun hefur verið sameiginlegt áhugamál Ásbjörns rakara og Vigdísar alla þeirra búskapartíð, eða 45 ár. MYND/JÚLÍA IMSLAND



Steinar úr sama tindi fá að vera saman á sýningarsvæðinu.


Geymslu- og dekkjahillur
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
kr.15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00



;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



TÍSKA
Fimmtudaga



RÝMI – fyrir alla muni
Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými
Frábærar lausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki
• Skjalaskápar
• Teikningaskápar
• Geymsluhillur
• Starfsmannaskápar
• Lagerhillur
• Verslunarhillur
• Ráðgjöf
• Lausnir
• Þjónusta
Skemmuvegur 6
Kópavogur
Sími 511 1100
www.rymi.is



**TÍSKURISARNIR H&M OG ZARA** opna nýjar vefverslanir í september í Bretlandi, Frakklandi, á Spáni, Ítalíu og í Portúgal. Zara opnar 2. sept og H&M tveimur vikum síðar. Á vefsíðu H&M verða nú til sölu vörur sem áður fengust aðeins í verslunum en ekki í netversluninni.



# *Skrautlegir leggir*

**Áberandi mynstur í skærum litum hafa heillað nokkra tískuhönnuði undanfarið. Mynstrin hafa sést í blússum, yfirhöfnum, skóm og einnig í buxum eins og myndirnar sýna.**



Dries Van Noten



Tory Burch

Isaac Mizrahi



Isabel Marant













Arion banka og hjá Landsbankanum. Þótt líklegt sé að grunnrekstur bankanna batni að lokinni endurskipulagningu lánasafna bankanna verði engu að síður að grípa til ráðstafana til að tryggja viðunandi rekstur þeirra.

**BEÐIÐ EFTIR EVRUNNI**

„Að mínu mati er kostnaðurinn við rekstur bankakerfisins enn of mikill," segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra. Hann segir ákvörðunina í höndum eigenda bankanna, Bankasýslu ríkisins og kröfuhafa að draga úr kostnaði og bæta arðsemi þeirra. Grípa má til ýmissa ráða að hans mati; draga úr yfirbyggingu banka og sparisjóða, fækka útibúum og útvista ákveðnum þáttum, svo sem tengdum upplýsingatækni.



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON



GYLFI MAGNÚSSON

Um nokkurt skeið hefur verið rætt opinberlega um hugsanlega hagræðingu fólgna í sameiningu tveggja af stóru bönkunum þremur. Gylfi segir það ekki koma til greina við núverandi aðstæður.

„Sameinaður banki yrði mjög stór og hefði yfirburði á samkeppnisaðila. Reynslan sýnir að það er mjög hættulegt fyrirkomulag. Sæmilega stórar stofnanir í virkri samkeppni ættu að vera af hinu góða og bankakerfið mun stöðugra en ef það hefði einn risastóran banka, einn frekar lítinn og nokkra örsmáa," segir Gylfi og tiltekur að millibankamarkaðir með gjaldeyri og verðbréf virki illa með fáa þátttakendur. „Ef einn er langstærstur er erfitt að sjá fyrir sér virka verðmyndun á mörgum mörkuðum. Við höfum hana ekki núna en fáum hana vonandi aftur á næstu árum."

Viðskiptaráðherra hugnast mun betur að sameina banka og fjármálafyrirtæki gangi upptaka evru sem gjaldmiðils hér á landi eftir. „Þá væri íslenska bankakerfið komið með öflugri bakhjarl, evrópska seðlabankann, og fleiri valkosti fyrir viðskiptavini, sem gætu snúið sér til erlendra viðskiptabanka," segir Gylfi og tiltekur að á sama tíma muni gjaldeyrismarkaðurinn opnast upp á gátt þegar krónan setji fjármálakerfinu ekki þröngar skorður.

**TILTEKTIN HAFIN**

„Það er búið að vinna í hagræðingarverkefnum og útibúum fækkað verulega. Þeim verður fækkað frekar með sameiningu útibúa á höfuðborgarsvæðinu í vetur," segir Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka.

Höskuldur bendir á að mikil vinna hafi farið í flókin ástandsbundin verkefni, sem tengjast tímafrekri þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. „Þetta er vinnuaflsfrekt og tefur fyrir frekari hagræðingu," segir hann og bendir á að þegar sé búið að fækka starfsfólki um fimmtán prósent hjá bankanum.

Fréttablaðið leitaði eftir viðtali við bankastjóra hinna stóru viðskiptabankanna. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sá sér ekki fært að tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær.

**HÖFUÐSTÖÐVAR SKORNAR NIÐUR**

Viðmælendur Fréttablaðsins innan og utan bankageirans segja hagræðingu innan bankageirans bráðnauðsynlega. Fleira þurfi þó að koma til en sameining útibúa. Mikilvægt sé að draga úr launakostnaði hvort heldur með launalækkun eða með uppsögnum á starfsfólki.

Þeir sem rætt var við benda á að doði sé yfir almennri útlánastarfsemi þar eð fá veð séu til að lána út á. Þetta hefur valdið því að nokkrir millistjórnendur innan bankanna hafa átt frumkvæðið að því að segja starfi sínu lausu og ákveðið að leita fyrir sér á öðrum vettvangi fremur en að vera eins konar áskrifendur að launum sínum.

Eins og Höskuldur hjá Arion banka bendir á hafa skuldbreytingar og aðrar sambærilegar aðgerðir tekið við af útlánastarfsemi. Þetta eru svipaðar aðstæður og skapast hafa á meginlandi Evrópu, ekki síst í Bretlandi. Þar er hins vegar nokkuð um liðið síðan niðurskurðarhnífurinn var settur á loft og ónauðsynleg fita skorin af kerfinu. Heimildir Fréttablaðsins herma að þegar stöðugleiki komist á rekstur bankanna og uppstokkun á skuldamálum einstaklinga og fyrirtækja verði komin fyrir horn verði niðurskurðarhnífnum brugðið á loft innan fjármálageirans.

Öðru fremur er talið að niðurskurðurinn verði í höfuðstöðvum viðskiptabankanna stóru á höfuðborgarsvæðinu. Eigi að nást fram raunveruleg hagræðing verði að fækka starfsfólki.

# Töpum á smæðinni

## Hagræðingar hefur verið þörf á bankakerfinu í áratug. Í uppganginum var málinu slegið á frest.

Arðsemi bankanna bendir til að hagræðingar sé þörf. Þetta segir Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri GAM Management. Hann bætir við að bæði Bankasýslan og AGS telji að rekstrarafkoma bankanna sé ekki viðunandi. Hagnaður bankanna í fyrra skýrist öðru fremur af vaxtamunaviðskiptum við Seðlabankann og verðbólgutekjum en ekki af hefðbundinni bankastarfsemi. Hagræðingarkrafan hljóti því að vera mikil um þessar mundir.

Gísli bendir á að efnahagsreikningur bankanna hafi skroppið saman eftir hrunið. Það sama eigi ekki við um rekstur og mannahald. Því sé eðlilegasta leiðin að draga saman í rekstri þeirra, skera niður útibúanetið og umfang jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem landsbyggðinni.

Gísli segir rætt hafa verið um hagræðingu innan bankanna í hátt í áratug. „Það var umtalað í bönkunum fyrir hrun að hagræðingaraðgerðir væru framundan, sérstaklega í tengslum við útibúanetið. En á meðan rekstur þeirra var mjög góður var ekkert gert," segir hann en bætir við að þótt bankakerfið yrði skorið niður valdi smæð samfélagsins því að starfsmannafjöldi í fjármálageiranum muni ævinlega verða hlutfallslega meiri hér á hverja þúsund íbúa en í öðrum löndum. „Við högnumst lítið á stærðarhagkvæmni eins og í öðrum löndum," segir hann.

**- jab**



**GÍSLI** Smæð hagkerfisins veldur því að bankakerfið verður ævinlega hlutfallslega stórt, segir framkvæmdastjóri GAM Management. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

**STARFSFÓLK Í FJÁRMÁLAGEIRANUM SEM HLUTFALL AF VINNUAFLI**




# 4.200 manns vinna hjá bönkunum

Starfsmenn fyrirtækja í fjármálaþjónustu hér voru 5.600 í lok árs 2007. Þeir eru nú 4.200. Þetta jafngildir 25 prósenta fækkun starfa, samkvæmt upplýsingum úr skýrslu Bankasýslu ríkisins. Meirihluti þeirra, rúmlega 3.000 vinna hjá Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum. Aðrir vinna hjá sparisjóðunum og öðrum smærri bönkum og fjármálafyrirtækjum.

Í skýrslu Bankasýslunnar kemur fram að starfsfólk í fjármálaþjónustu sem hlutfall af heildarvinnuafli hér á landi hafi aukist verulega á síðustu tuttugu árum. Hlutfallið var 3,5 prósent í byrjun tíunda áratugar. Í kjölfar aukinna verðbréfaviðskipta og fjárfestingarbankastarfsemi eftir aldamótin hafi hlutfallið hækkað hratt, fór hæst í rúm 5,0 prósent árið 2008.

Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir bankahrunið sé hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu sem hlutfall af heildarvinnuafli 4,7 prósent, sem er svipað og það var fyrir þremur árum þegar stefnt var að því að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð.

Til samanburðar starfa að meðaltali 3,0 prósent vinnuafls við fjármálaþjónustu innan Evrópusambandsins.


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is




Eignastýring Íslandsbanka
Sími 440 4920
Kirkjusandi 2–4, 105 Reykjavík
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarfestingar

# Eignastýring í fremstu röð

## Alhliða þjónusta við sparifjáreigendur og fagfjárfesta

Eignastýring Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda einstaklinga og fagfjárfesta.

**Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa.**

Íslandsbanki kt. 491008-0160 er viðskiptabanki sem starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Íslandsbanki

## ÚR FORTÍÐINNI



MARKAÐURINN/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Þakkar stuðninginn

Nítján ár eru síðan utanríkisráðherrar Eistlands, Lettlands og Litháens komu hingað til lands til að semja um gagnkvæm viðskipti við stjórnvöld. Hér má sjá Lennart Meri, utanríkisráðherra Eistlands, stíga inn í bíl við Flugstöð Leifs Eiríkssonar við komuna til landsins. Utanríkisráðherrarnir þrír voru þakklátir íslenskum stjórnvöldum fyrir að styðja við sjálfstæðisbaráttu landanna, sem áður heyrðu undir ægivald Sovétríkjanna.







## YFIR HEIÐINA MEÐ ÓLA KRISTJÁNI



**LEXUS GS430 LUXURY** Í hnotskurn mætti segja að bíllinn hér fyrir ofan sé stórglæsilegur lúxuskaggi hlaðinn aukabúnaði. Og þótt hann sé stór og rúmgóður að innan er hann lipur og léttur í akstri. MARKAÐURINN/GVA

# Virðulegur en á sér villta hlið



*Óli Kristján Ármannsson blaðamaður tekur til kostanna notaða bíla og metur hvort þeir fái staðið undir því að kallast forstjórabílar.*

Leiti maður að notuðum forstjórabíl er vandfundinn vænlegri kandídat en Lexus GS430 Luxury. Bíllinn er af 2005 árgerð, en í raun eins og nýr, enda ekki ekinn nema tæpa 36 þúsund kílómetra.

Ekki verður annað sagt en að Lexus hafi tekist vel upp í að sameina hér í einum bíl kosti sportbílsins og lúxuskerrunnar. Bíllinn er lipur og léttur, enda kannski ekki mikið mál fyrir hestöflin 282 að vippa bílnum um göturnar. Í valborði við hliðina á bílstjórasætinu eru hnappar þar sem valið er um hefðbundna- eða sportfjöðrun, og um hvernig inngjöfin tekur við sér (kraftinngjöf, venjuleg, eða mýkri), auk þess sem þar er hægt að hita og kæla framsætin.

Með stillt á venjulega inngjöf og fjöðrun líður bíllinn um lungamjúkur og ökumaðurinn getur látið eftir sér að njóta í hægindum allra annarra þæginda sem bíllinn hefur upp á að bjóða: sóllúgu, kraftmikils sex diska hljómkerfis með afbragðsgóðum tóngæðum, já, eða upplýsingaskjás bílsins þar sem upp er gefin staðsetning hans í GPS-hnitum og ef til staðar er kortadiskur, þá má sjá þar nánari útfærslu, gefa raddskipanir og fá upplýsingar lesnar úr leiðakerfi.

Þá er vert að minnast á að upplýsingaskjár bílsins bregður líka upp mynd af því sem fyrir aftan bílinn er þegar sett er í bakkgír og því hægur leikur að bakka vandkvæðalaust.

Bíllinn er endalaus uppspretta smáþæginda sem of langt mál yrði að tína til. Þó má nefna að lykilinn þarf aldrei að taka upp úr vasanum, skynjari í hurðum nemur höndina og aflæsir þegar maður vill opna, og bíllinn er ræstur með hnappi í mælaborði. Sólhlíf í afturglugga rennur sjálfkrafa frá þegar maður bakkar, skriðstillirinn (cruise control) er haganlega staðsettur í stýrinu þar sem einnig er hægt að stýra hljómflutningstækjum og hringja úr innbyggðu handfrjálsu GSM-kerfi bílsins eftir að búið er að virkja bluetooth-tengingu milli bílsins og farsíma ökumanns.

Allt er þetta mjög skemmtilegt og bíllinn fallegur, kolsvartur og rennilegur, með svarta leðurinnréttingu. Hjá undirrituðum falla hægindin hins vegar í skuggann af því hversu skemmtilegur bíllinn er í akstri, sér í lagi þegar smellt er á sportfjöðrun og kraftinngjöf. Þá líður manni eins og í lúxuskappakstursbíl og helsta vandamálið að halda sig innan lögbundinna marka og fara ekki of nálægt öðru hundraðinu þurfi maður að taka fram úr. (Jafnvel á leiðinni upp Kambana.)

Fátt er hægt að finna að þessu afbragðstæki. Meira að segja bensíneyðslan er hóflegri en maður hefði búist við. Í blönduðum reynsluakstri, þar sem ekki var alltaf verið að spara inngjöfina, fór eyðslan rétt upp fyrir ellefu lítra á hundraðið. Í forstjóralegri akstri væri maður líklega í kringum níu lítrana í blandaða akstrinum. Eina álitamálið er kannski verðmiðinn, en á bílinn eru settar tæpar 5,4 milljónir króna. En ef maður er á annað borð á höttunum eftir forstjórabíl (og ekki þannig gerður að bíllinn verði að vera jeppi) þá ætti það nú kannski ekki að vera fyrirstaða. Lexus GS430 Luxury fellur klárlega í flokk forstjórabíla.

### HELSTU STAÐREYNDIR

| Lexus GS430 Luxury, árgerð 2005 | |
|---|---|
| Ásett verð: | 5.390.000 krónur |
| Ekinn: | 35.700 km |
| Lengd: | 482,5 cm |
| Breidd: | 182,0 cm |
| Litur: | Svartur |
| Sætafjöldi: | 5 |
| Þyngd: | 1.715 kg |
| Burðargeta: | 445 kg |
| Slagrými: | 4.293 cm3 |
| Afl: | 282 hö |
| Eldsneyti: | Bensín |



# HAMSKIPTI VESTURPORTS

**EFTIR FRANZ KAFKA**

**LEIKSTJÓRN: GÍSLI ÖRN GARÐARSSON OG DAVID FARR**
**LEIKMYND: BÖRKUR JÓNSSON**
**LJÓS: BJÖRN HELGASON**

**LEIKARAR: ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR, GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, INGVAR E. SIGURÐSSON, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR EGILL EGILSSON**

## TÓNLIST: NICK CAVE OG WARREN ELLIS



Sýning ársins og leikmynd ársins, Gríman 2008

★★★★★ *Time Out Hong Kong, The Guardian UK*

"Best International Production of the year" *Sidney Times*

"It's also, thanks to this team, very possibly, the finest, highest expression of theatre to which I've yet borne witness" *Australian Stage*

"An 85 minute masterpiece" *The Daily Mail*

## ÖRFÁAR SÝNINGAR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU
## FYRSTA SÝNING 27. ÁGÚST!

Hamskiptin í uppsetningu Vesturports hefur farið sigurför um heiminn, nú síðast í Kólumbíu og verður sýnd í Þjóðleikhúsinu í takmarkaðan tíma áður en hún verður tekin til sýninga í BAM leikhúsinu í New York.

**MIÐASALA HEFST 16. ÁGÚST**

**Viðskiptavinir Nova fá 1000 kr. afslátt á fyrstu 5 sýningarnar** NOVA

**leikhusid.is, midi.is, sími miðasölu 551 1200**

VesturPort ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

BANKAHÓLFIÐ

## Dagar þagnar

Mörgum kom á óvart þegar Már Guðmundsson seðlabankastjóri kom í Kastljósið og tjáði sig, að því er virtist af nokkurri hreinskilni, um áhrif Icesave-málsins á gjaldeyrishöftin, verðbólguvæntingar og hugsanlega stýrivaxtalækkun. Vaxtaákvörðunardagur er boðaður hjá Seðlabankanum 18. ágúst og tíðkaðist um nokkurt skeið að stjórnendur Seðlabankans tjáðu sig ekki um nokkurn skapaðan hlut í tvær til þrjár vikur fyrir vaxtaákvörðun og útgáfu Peningamála. Þegar Peningastefnunefnd tók við fyrir um ári samþykkti hún hins vegar nýjar reglur, sem kváðu á um öllu skemmra þagnarbindindi, eða eina viku. Það tók gildi í gær og mun þögnin ríkja í Seðlabankanum fram á miðvikudag í næstu viku.



## Allt frátekið

Maður nokkur stofnaði bankareikning í Sviss og hugðist færa hluta af sparifé sínu þangað í öruggt skjól. Eins og alkunna er hvílir leyndarhjúpur yfir eigendum bankareikninga í þessu landi, sem þekkt er hér fyrir gæðasúkkulaði og rándýr armbandsúr. Einhver auðkenni þarf samt að gefa, sem samanstanda af nafni og og númeri. Maðurinn rak upp stór augu þegar í ljós kom að algeng íslensk nöfn eru þegar frátekin hjá svissneskum bönkum. Sagan segir að þeir Íslendingar sem til þekktu í bankageiranum og töldu sig hafa hagnast nóg eftir uppganginn og þeir sem þekkja tímana tvenna í efnahagsmálum hafi fyrir bankahrunið haustið 2008 talið sig sjá hvert stefndi og fært sparifé sitt í öruggt skjól.



## Saddam og hinir

Ísland er langt í frá eyland í flutningi á fjármunum í öruggt skjól. Mark Pieth, yfirmaður nefndar á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) gegn spillingu, sagði möguleika á að Jörg Haider, hinn látni leiðtogi austurríska Frelsisflokksins, Saddam Hussein, fyrrum einvaldur í Írak, eða Moammar Gaddafi, leiðtogi Líbíu, kunni að liggja á leynireikningum í Sviss. Það sama á því við um sparifé Saddams og fyrirhyggjusamra Íslendinga, sparibækurnar eru lokaðar óviðkomandi.



**2.200** milljarðar króna hafa tapast hjá dönskum bönkum frá kreppubyrjun árið 2008, eða 105 milljarðar danskra króna. Sérfræðingar telja það versta afstaðið.

**5** milljóna sterlingspunda skuldir (940 milljóna króna) Söru Ferguson, greifynju af York, valda bresku konungsfjölskyldunni áhyggjum. Hún óttast að Sara verði gjaldþrota.

**9** prósenta samdráttur varð í júlí á tekjum norræna flugfélagsins SAS af hverjum farþega, samkvæmt nýjum tölum félagsins. Norski viðskiptavefurinn e24 segir samdráttinn meiri en flugfélagið hafi gert ráð fyrir.







## Atvinna


### Löður auglýsir eftir starfsmönnum

Í þvotta- og bónstöð fyrirtækisins á Fiskislóð og Bæjarlind. Hluti af starfinu er samskipti við viðskiptavini og er því nauðsynlegt að viðkomandi tali góða íslensku, sé jákvæður, þjónustulundaður, og sjálfstæður í vinnubrögðum

Leitað er eftir starfsmanni sem er eldri en 20 ára og er tilbúinn að vinna talsverða yfirvinnu.

Um fullt starf er að ræða en vinnutími er samkomulagsatriði, en opnunartími stöðvanna er frá 8:00 til 19:00 virka daga og 10:00-18:00 um helgar.

Áhugasamir sendi inn umsókn á www. Lodur.is

LÖÐUR miðstöð bílaunnenda

### Enskukennari

**Við Menntaskólann í Kópavogi er laust til umsóknar fullt starf enskukennara næsta skólaár vegna fæðingarorlofs.**

Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK. Gerð er krafa um háskólapróf í ensku og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst en kennsla hefst 24. ágúst. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsóknir skal senda til skólameistara.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu www.mk.is. Frekari upplýsingar veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000.

*Skólameistari*

# ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman. Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is

Pósthúsið

FRÉTTABLAÐIÐ

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...


## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## HEIMILIÐ

### Dýrahald



Yndislegur dvergschnauzer rakki til sölu, HRFI ættbók. uppl. Fríður 846-8171



Golden retriever hvolpar til sölu. tilbúinir til afh. eru heilsuf.skoðaðir ættbókaf. hjá Íshundum. Verð 165 þ.hægt að skipta greiðslum S: 8638596 123.is/madda

2 kettlingar fást gefins. Tilbúnir 21 ágúst. Kassavanir. Uppl. í síma 844 1123.

7.mánaða gamall poodle rakki til sölu. V. 60þús. Uppl í s. 691 2693

**Íslenski fjárhundurinn**
2 yndislegir 12 vikna hvolpar (tíkur) vantar heimili. Ættbók HRFÍ. Uppl. í síma 864 5853.

Grábröndótt læða tapaðist frá Klukkurima, eyrnamerkt R3H 134. Uppl í s. 699 8429

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Gisting

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Menorca, Mahon. www.starplus.is og www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

### Byssur

Óska eftir vel með farinni haglabyssu (pumpu) til kaups. Og einnig byssuskáp. Sigurður s. 892 9662.

### Fyrir veiðimenn

Til sölu 6-700 gr. makríll til beitu á 400 kr. stk. Uppl. í s. 841 7705.

**Veiðileyfi**
Í vatnasvæði Lísu Snæfellsnesi, lax og silungur. Selt á agn.is og í 893 4515

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar 517-0150
Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Room for rent, separate kitchen and bathroom, price 55 þ. Langholtsvegi 137. Uppl. í s. 896 1039.

Til leigu fallegt 185fm parhús á skjólsælum stað á Álftanesi. Laust frá 1. sept. Uppl. í s. 899 1793.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Falleg stór 2 herb. íbúð á annari hæð í Seljahverfi til leigu. Aðeins vandað reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 557 4040.

Til leigu 200m² sérhæð í Smáranum í Kóp. + bílageymsla. 5 svefnherb. Laus 1.okt v.230þús + hiti/rafm. uppl. lindaj@simnet.is

### Atvinnuhúsnæði

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði, 180 fm, til leigu á Smiðjuvegi. Uppl. í 896 0551.

### Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Gisting

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 10.000 per nótt. S. 824 6692.

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

**Gisting**
**Skammtímaleiga. Til leigu 2ja herb. íbúð á besta stað í 101 Rvk. Verð per nótt 7.500 kr. Uppl. í s. 898 4188.**

### Til leigu





**Einbýlishús í Garðabæ með innbúi til leigu**

Nýstandsett 275fm. Einbýli ásamt vönduðu innbúi til leigu.
Skiptist m.a. í stofur, 4 svefnherb., 2 baðherbergi eldhús, tvöfaldan bílskúr o.fl.
Fallegur garður með palli.

Uppl. veittar í síma 698 5048 eða 820 1002

## ATVINNA

### Atvinna í boði

JOLLI
Söluturninn Jolli í Hafnarfirði leitar að hressu og duglegu starfsfólki til starfa í fullt starf og hlutastarf. Aðeins reglusamt og samviskusamt fólk kemur til greina. Vinna sem hentar vel með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum.

AMERICAN STYLE
**American Style í Skipholti**
erum með 100% starf í vaktavinnu út desember 2010 í afgreiðslu. Mjög góð íslenskukunnátta og 19 ára aldurstakmark skilyrði til þess að vinna á þessum frábæra vinnustað. Nánari upplýsingar á: http://umsokn.foodco.is Hlökkum til að heyra frá þér! Tekið skal fram að starfið hentar bæði konum sem körlum.

The Purple Rabbit
Laglegar, ófeimnar konur geta hagnast ágætlega á fegurð sinni og kynþokka með því að spyrða saman möguleikum PurpleRabbit.is og símatorgs Rauða Torgsins. Frekari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

SNÆLAND VIDEO
Starfsfólk óskast í fullt starf aðeins vaktavinna í boði. Áhugasamir sækið um á snaelandvideo.is

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði og Kópavogi**
**Fjarðarbakarí Dalshraun 13, Hafnarfirði óskar eftir starfsmönnum í verslun vinnutími 12-19. Einnig í Farðarbakarí Borgarholtbraut 19, Kópavogi vinnutími 06:30-13 og 12-19. Starfslýsing: Afgreiðsla og skráning pantana. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, stundvís og snyrtilegur. Umsóknir sendist á sjofn@fjardarbakari.is**

Pósthúsið
Pósthúsið ehf óskar eftir starfskrafti í útburð á næturnar,íhlaupavinnu um að ræða. Aðilinn þarf að vera með bílpróf og bíl til umráða. Áhugasamir hafa samband í s. 585 8330 eða sendið tölvupóst á dreifing@posthusid.is.

Vanur/traustur starfskraftur óskast á bar hér í borg, einnig er leitað að snyrtilegum dyravörðum. Uppl. S. 863 5090. Kvöld og næturv.

Ertu atvinnulaus og vantar þér vinnu ? Ég er með draumastarfið fyrir þig! Uppl í S .773 6099 Eða kristjan.lr@gmail.com

Ridingguide/trainer/help for the Danish island Rømø. As fast as possible we need help with our 12o Icelandic horses. Riding, training and taking care of them, maintaining the buidlings, shooing etc. Possibility for job for your partner as we also have a hotel and camp site. Possibility for accommodation. Engish is it a must. Therese Thøgersen 004523458649

**Hellulagnir**
Óska eftir mönnum í hellulagnir og aðra jarðvegsvinnu. Þarf að geta hafið störf strax. Uppl. í s. 696 6676.

**Aðstoð á tannlæknast.**
Tannlæknastofa í miðbæ reykjavíkur óskar eftir aðstoð á klinik frá klukkan 12-16, áhugas. sendi uppl. á netfangið salar@simnet.is

Óskum eftir fólki til úthringinga á kvöldin. tekjumöguleikar 100-300 þús á mánuði í aukavinnu, 25 ára og eldri. Uppl gefur Gísli í 553 6688 eða gisli@tmi.is

Vélstjóri óskast. Leiðandi ferðaþj.fyrirtæki óskar eftir að ráða vélstjóra á bát í afleysingar í ágúst og september. Nánari uppl. í síma 894 5351 eða hordur@nordursigling.is

Óskum eftir starfsfólki í ræstingar, viðtöl veitt á skrifstofu Sólarræstingar að Kleppsmýravegi 8 milli kl.13 og 15 virka daga. Firma sprzatajaca Sólarræsting poszukuje osoby zainteresowane praca przy sprzataniu. Zapraszamy do biura na ulicy Kleppsmýravegi 8 pomiedzy godz 13 a 15 od poniedzialku do piatku.

Vantar línusjómann/skipstjóra á smábát í Noregi.Fyrirspurnir á kjartano@yahoo.dk

Austurlenskur Veitingastaður óskar eftir manneskju í sal kvöld og helgar fullt eða hlutastarf 896 3536

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Samkynhn KK ath: Rúmlega sextugur karlmaður vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8478.

53 ára kona vill kynnast karlmanni sem jafnvel vill leigja með henni íbúð. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8886.

Leitar þú ævintýra? Rauða Torgið Stefnumót hefur verið miðstöð íslendinga í ævintýraleit í rúmlega 10 ár. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9922. Konur heyra auglýsingar karla frítt í s. 555-4321.

**PurpleRabbit.is**
Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# Helgiganga á Dagverðarnesi

Messað verður í Dagverðarnesskirkju sunnudaginn 15. ágúst klukkan 14. Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir þjónar fyrir altari og sr. Gunnþór Þ. Ingason, prestur á sviði þjóðmenningar, predikar. Halldór Þórðarson leikur á harmonikku, Sigrún Halldórsdóttir á klarinett og Ríkarður Jóhannsson á saxófón.

Fyrir messu, klukkan 12.30, verður gengið í helgigöngu í nágrenni kirkjunnar með keltneskan sólarkross. Prestarnir leiða helgistundir við Altarishorn og Kirkjuhóla en Kristín Finndís Jónsdóttir, sem á rætur á nesinu, lýsir umhverfi og kennileitum. Eftir messu býður hún gestum í kirkjukaffi.

Dagverðarnes gengur út frá Fellsströnd og er þar fagurt um að litast. Meðal örnefna á nesinu eru Írahöfn, verslunarhöfn fornmanna og í Bænhúsvogi er hólmi sem heitir Bænhúshólmi. Talið er að þessi örnefni geti vísað til keltneskrar byggðar og bænastaða frá fyrri tíð. Sagt er í Landnámu að Auður djúpúðga hafi komið við á nesinu og snætt þar dögurð og af því sé nafn þess dregið, en líkt orð á gelísku mun hins vegar þýða víðfeðmt land.

Elstu heimildir um bænhús í Dagverðarnesi eru frá miðri 13. öld og þar varð fyrst sóknarkirkja 1758. Núverandi kirkja var endurbyggð árið 1933 að mestu úr viði eldri kirkjunnar frá árinu 1848.

Sóknarnefnd Dagverðarnesskirkju, Dalaprestakall, starfshópur þjóðkirkjunnar um helgistaði á föruleiðum og velunnarar standa að þessu helgihaldi.



**DAGVERÐARNESSKIRKJA** Elstu heimildir um bænahús í Dagverðarnesi eru frá miðri 13. öld.



**PREDIKAR** Gunnþór Þ. Ingason prestur predikar í messu í Dagverðarnesskirkju sem haldin verður á sunnudaginn.

# Útskriftarnemar sýna ljósmyndir

Útskriftarsýning Ljósmyndaskólans verður opnuð um helgina en þar gefur að líta myndir sjö nýútskrifaðra ljósmyndara sem hafa stundað framhaldsnám í skapandi ljósmyndun við skólann. Bára Kristjánsdóttir er ein hinna nýútskrifuðu og ber hún náminu afar vel söguna.

„Við höfum notið leiðsagnar margra af bestu ljósmyndurum landsins og þó svo að við höfum öll fengið sams konar kennslu erum við með afar ólíkar áherslur." Bára segir námið nýtast vel og að nokkrir úr hópnum hafi hug á því að opna stúdíó og jafnvel listagallerí. Sýningin verður opnuð í húsnæði skólans að Hólmaslóð 6 klukkan 14 á laugardag og stendur til 29. ágúst.

**- ve**



**KJARNI** Þessi mynd er eftir Rakel Björt Jónsdóttur.



**DANS** Bára Kristjánsdóttir á heiðurinn af þessari mynd.



**ÓLÍKIR LISTAMENN** Hér má sjá mynd eftir Berglindi Andrésdóttur.

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Jón Einarsson,**

vélstjóri frá Siglufirði, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Höfða Akranesi,

lést 6. ágúst.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 20. ágúst kl. 14.

| | |
|---|---|
| **Svana Jónsdóttir** | **Örn Ó. Helgason** |
| **Halldór Fr. Jónsson** | **Kristín G. Jónsdóttir** |
| **Margrét Jónsdóttir** | **Páll Jónatan Pálsson** |
| **Þórelfur Jónsdóttir** | |
| **Gunnar Þór Jónsson** | **Ingunn Sveinsdóttir** |
| **Lovísa Jónsdóttir** | **Gísli Þorsteinsson** |
| **Ólöf Jónsdóttir** | **Gylfi Lárusson** |
| **Einar Jónsson** | **Guðrún Guðmundsdóttir** |
| **Svanborg R. Jónsdóttir** | **Valdimar Jóhannsson** |
| **Svanfríður Jónsdóttir** | **Kristófer Oliversson** |
| **og fjölskyldur.** | |

---



†

*Ástkær móðir mín, amma, langamma og langalangamma,*

**Olga Kristín Stefánsdóttir**

lést föstudaginn 6. ágúst. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 17. ágúst kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Stefán Sigursælsson** | |
| **Ásta S. Stefánsdóttir** | **Trausti Haraldsson** |
| **Olga J. Stefánsdóttir** | **Jón Þór Eyþórsson** |
| **langömmubörn og langalangömmubörn.** | |

---



†

*Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Guðbjartsdóttir,**

síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Höfða Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 7. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 13. ágúst kl. 14.
Blóm og kransar afþakkaðir.

| | |
|---|---|
| **Hulda Hjálmsdóttir** | **Freyr Jóhannesson** |
| **Hjálmur Geir Hjálmsson** | **Margrét Jónsdóttir** |
| **Ásgerður Hjálmsdóttir** | **Reynir Theódórsson** |
| **Sigrún I. Halldórsdóttir** | |
| **Sigurbjörg Halldórsdóttir** | **Hallgrímur Árnason** |
| **Ingimar Halldórsson** | **Sigríður P. Ólafsdóttir** |
| **Guðbjörg Halldórsdóttir** | **Yngvi Hagalínsson** |
| **og ömmubörn.** | |

---



†

*Alúðarþakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur vináttu og vottuðu samúð sína við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Mörthu Árnadóttur**

Hlíf II, Ísafirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar á Ísafirði fyrir einstaklega góða umönnun þessa síðustu mánuði.

| | |
|---|---|
| **Sigurður Jónsson** | |
| **Árni Sigurðsson** | **Guðrún Halldórsdóttir** |
| **Jón Ólafur Sigurðsson** | **Jóhanna Oddsdóttir** |
| **Málfríður Þórunn Sigurðardóttir** | |
| **Þórhildur Sigrún Sigurðardóttir** | **Guðmundur Hafsteinsson** |
| **barnabörn, barnabarnabörn og langalangömmubörn.** | |

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,*

**Angantýr Vilhjálmsson**

bakarameistari, Lómasölum 6 (áður Kastalagerði 3), Kópavogi,

lést að Droplaugarstöðum laugardaginn 7 ágúst 2010.

| | |
|---|---|
| **Guðrún Ása P. Björnsdóttir** | |
| **Kristín Birna Angantýsdóttir** | **Kristleifur Gauti Torfason** |
| **Arngrímur V. Angantýsson** | **María Jóhannsdóttir** |
| **Björn Páll Angantýsson** | **Elísabet Anna Hjartardóttir** |
| **Aðalbjörg Ósk Angantýsdóttir** | |
| **Björk Berglind Angantýsdóttir** | **Kristján Karlsson** |
| **Gunnar Örn Angantýsson** | |
| **Jón Örn Angantýsson** | |
| **barnabörn og langafabörn.** | |

---



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Gunnarsson**

skipstjóri og útgerðarmaður, Lundi 1, Kópavogi,

lést að heimili sínu mánudaginn 9. ágúst. Jarðarförin fer fram í Bústaðakirkju mánudaginn 16. ágúst kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

| | |
|---|---|
| **María S. Magnúsdóttir** | |
| **Hafdís Guðmundsdóttir** | **Manuel Gissur Carrico** |
| **Gunnar Guðmundsson** | **Ingunn Lára Brynjólfsdóttir** |
| **Magnús Guðmundsson** | **Ólöf Inga Guðbjörnsdóttir** |
| **og barnabörn.** | |

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Helgason**

húsasmíðameistari, Hlíðarvegi 39, Kópavogi,

lést sunnudaginn 8. ágúst á Landspítala við Hringbraut. Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Guðríður Þóra Snyder** | **Mark Laws** |
| **Viðar Jónsson** | **Inga Brynjólfsdóttir** |
| **Helgi Jónsson** | |
| **Guðrún Katrín Jónsdóttir** | **Páll Breiðfjörð Sigurvinsson** |
| **Sólveig Þóra Jónsdóttir** | **Hólmgrímur Rósenbergsson** |
| **Katrín Jónsdóttir** | **Sváfnir Hermannsson** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Sigurðsson**

byggingaverkfræðingur, Sléttuvegi 11, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 13. ágúst kl. 15.
Þeim sem vilja minnast Einars eru beðnir um að láta líknarfélög njóta þess.

| | |
|---|---|
| **Ragnheiður Árnadóttir** | |
| **Guðrún Olga Einarsdóttir** | **Steingrímur Jónsson** |
| **Sigurður Einarsson** | **Valgerður M. Magnúsdóttir** |
| **Ragnheiður S. Einarsdóttir** | **Gunnar Jónsson** |
| **Ragnheiður Steingrímsdóttir** | **Jonas Brunner** |
| **Árni Steingrímsson** | |
| **Einar Benedikt Sigurðsson** | |
| **Magnús Benedikt Sigurðsson** | |
| **Andreas Jan Marciniak** | |
| **og langafabörn.** | |

# BRÚÐUHEIMAR
Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00

Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000

BRÚÐUHEIMAR
Center for Puppetry Arts





Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.

BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is


# Trúboðar meðal Íslendinga

**BAKÞANKAR**
**Mörtu Maríu Friðriksdóttur**



Sumarið lét svo sannarlega á sér kræla aftur um helgina. Haustið er ekki komið enn, þrátt fyrir spár mínar þar að lútandi í síðustu viku á þessum vettvangi og rauðu berin á trjánum fyrir utan stofugluggann minn eða gulu laufblöðin á þeim sömu trjám.

**Í TILEFNI** þessarar óvæntu sumarendurkomu á sunnudag ákvað ég að njóta hennar. Til að byrja með drakk ég heitan kaffibolla á svölunum og las franska bók. Svo var ákveðið að halda í bæinn og kíkja í Kolaportið. Fataslárnar vöktu þó ekki áhuga eða mikla kauplöngun þannig að Austurvöllur varð næsti viðkomustaður.

**EFTIR** að sólin hafði kitlað nefið í stutta stund á Austurvelli varð allt í einu mjög líflegt þar. Fólk í bláum bolum hóf dans og eldri maður kynnti næsta verk á ensku. Orðaskil heyrðust reyndar varla en inn á milli mátti greina orðin alkóhól og fíkniefni, vont, Jesús og trú. Það varð fljótlega ljóst að næsta dansverk fjallaði um þetta.

**DANSINN** dunaði. Þegar honum loks lauk spratt eldri maðurinn aftur upp og kynnti næsta atriði sem var trúboðar í bláum bolum sem hann bað okkur að hlusta á. Okkur vinkonurnar grunaði ekki hvað við ættum í vændum þegar kona í köflóttri úlpu með lítið barn á arminum snýr sér leiftursnöggt að okkur. Hún var svo sannarlega ekki í sýnilegum bláum bol og hafði þangað til virst vera ein okkar Íslendinga á Austurvelli í sunnudagsfríi. Trúboðarnir höfðu sprottið upp eins og gorkúlur.

**TRÚIÐ** þið á guð? Hver er guð? Hvar er hann?“ spurði hún okkur strax og þegar tiltölulega fátt varð um svör hélt hún áfram: „Hafið þið lesið Biblíuna? Hún er sko sú bók sem er skrifuð á hvað lengstum tíma og í henni eru engar mótsagnir,“ var meðal þess sem hún fræddi okkur um á meðan sólin skein í hnakkann á okkur í fríinu.

**ÞEGAR** barnið hennar tveggja ára ætlaði að fara að skemmta sér meðal aðdáenda sunnudaga á Austurvelli og hún þurfti að elta það uppi hvíslaði ég að vinkonu að við þyrftum að fara að koma okkur í burtu. Þá vorum við þegar búnar að sitja yfir trúarhugleiðingum í hálftíma. Við gáfum henni tækifæri að klára og hálftíma seinna losnuðum við og forðuðum okkur í burtu og nutum veðurblíðunnar í staðinn við Tjörnina.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








512 54 01
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...



FJÖGUR ÖFL · EIN ÖRLÖG
STÓRFENGLEG ÆVINTÝRAMYND Í 3D
MYND EFTIR M. NIGHT SHYAMALAN
THE LAST AIRBENDER
VILTU VINNA MIÐA?
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL LAB Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
10. HVER VINNUR!
FULLAF AUKAVINNINGUM TÖLVULEIKIR • DVD MYNDIR · GOS OG MARGT FLEIRA!
Vinningar afhendir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.
galleri sautján
KOMIN Í BÍÓ

# Lúin aðstoðarkona Lohan

Aðstoðarkona Lindsay Lohan hefur haft í nógu að snúast á meðan leikkonan dvelur á meðferðarstofnun því hún hefur þurft að snúast í kringum móður og systur leikkonunnar í fjarveru hennar. „Hún er stressuð, þreytt og óánægð þessa dagana. Dina, móðir Lindsay, röflar stanslaust um ekki neitt og reynir að finna nýjar leiðir til að græða,“ var haft eftir vini aðstoðarkonunnar. Dina Lohan, móðir Lindsay Lohan, vill selja eigur Lindsay á uppsprengdu verði því hún telur sig geta grætt á því á meðan Lindsay er svo mikið í fréttum. „Hún vill halda bílskúrssölu þar sem hún selur gömul föt og húsgögn sem Lindsay hefur sett í geymslu.“

Auk þess þarf aumingja aðstoðarkonan að fara eftir óskum yngri systur Lindsay, Ali Lohan, sem er bílprófslaus og lætur aðstoðarkonuna því skutla sér hingað og þangað yfir daginn.



**EFIÐUR YFIRMAÐUR** Lindsay Lohan er í meðferð, en á meðan sinnir aðstoðarkona hennar öllum þörfum móður og systur Lindsay. NORDICPHOTOS/GETTY



**ENTOURAGE** Áttunda og síðasta þáttaröðin af Entourage verður gerð á næsta ári.

# Entourage að hætta

Bandaríska sjónvarpsstöðin HBO hefur tilkynnt að þáttaröðin Entourage ljúki göngu sinni á næsta ári. Orðrómur hafði verið uppi um að þættirnir myndu syngja sitt síðasta árið 2011 og það hefur nú verið staðfest. „Við stefnum fyrst á að klára þessa þáttaröð. Það verða færri þættir í næstu þáttaröð, hugsanlega sex,“ sagði Michael Lombardo hjá HBO. Hann bætti því við að Entourage-kvikmynd verði mögulega gerð í framtíðinni. Sjöunda þáttaröð Entourage er sýnd í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þættirnir, sem fjalla um líf ungrar kvikmyndastjörnu í Hollywood, hafa notið mikilla vinsælda og unnið til fjölda verðlauna.

# Ólöf Arnalds með tónleika

**Ólöf Arnalds heldur tónleika í Norræna húsinu í kvöld. Þetta eru aðrir tónleikar hennar í þriggja tónleika röð í Norræna húsinu í aðdraganda að nýrri plötu hennar, Innundir skinni. Hún kemur út á vegum útgáfunnar One Little Indian í september. Myndband við næsta smáskífulag plötunnar, Crazy Car, verður frumsýnt í Norræna húsinu. Í laginu syngur Ólöf dúett með myndlistarmanninum og glyspopparanum fyrrverandi, Ragnari Kjartanssyni. Hann kemur einnig fram í myndbandinu og leikstýrir því ásamt Ásdísi Sif Gunnarsdóttur. Miðsala á tónleikana fer fram á Midi.is.**



**ÓLÖF ARNALDS** Ólöf Arnalds heldur tónleika í Norræna húsinu í kvöld.


NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SALT | 6, 8 og 10 (POWER) | 16 |
| LAST AIRBENDER 3D | 4, 6, 8 og 10 | L |
| 22 BULLETS | 8 og 10.15 | 16 |
| THE KARATE KID | 5 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D | 4 - ÍSLENSKT TAL | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| SORCERER´S APPRENTICE | 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 | 7 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST AIRBENDER-3D | kl. 5:50 - 8 - 10:50 | 7 |
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl tal | kl. 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 | 12 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SALT LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 4 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 6.50 - 9 - 11.10 | 14 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 6 (650 kr.) | L |
| THE KARATE KID | kl. 6 - 9 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| GROWN UPS | kl. 8 - 10.20 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |

FYLGSTU MEÐ Á HLAUPUM!







PIPAR\TBWA • SÍA • 101871

FORERUNNER 310XT
Fyrir alhliða íþróttaiðkun

Forerunner 310XT úrið er með GPS staðsetningartæki og HotFix® gervitunglamóttöku. Rafhlaða endist í 20 klukkustundir og úrið er vatnshelt niður á 50 metra dýpi, svo það hentar einstaklega vel til íþróttaiðkunar og útiveru.
Forerunner 310XT geymir upplýsingar um æfingatíma, hraða, vegalengd, brennslu og hjartslátt. Þráðlaus tölvusamskipti og notendavænn hugbúnaður auðvelda geymslu á upplýsingum svo þægilegt er að fá ítarlega yfirsýn yfir árangur.

FORERUNNER 110
Fyrir hlaupara

Forerunner 110 úrið er með GPS staðsetningartæki og er hannað fyrir hlaupara sem vilja halda sér í formi. Forerunner 110 geymir upplýsingar um æfingatíma, hraða, vegalengd og brennslu og með USB tengingu við tölvu er hægt að fylgjast með árangri og bera saman eldri æfingar. Að æfingu lokinni er hægt að skoða hlaupaferil á korti og deila upplýsingunum með öðrum, til dæmis í tölvupósti eða beint á Facebook. Forerunner 110 fæst í þremur útgáfum með mismunandi samsetningu aukahluta og í mismunandi litum.

Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi | S: 577 6000 | www.garmin.is

GARMIN BÚÐIN

# SJÓNVARPSTILBOÐ




## UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1680x1050 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

**TILBOÐ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




**UNITED ÖRÞUNNT LED**
Aðeins 2.5sm þykkt

**United LED9022DVBT2**
22" LCD BREIÐTJALD með stafrænum DVB-T móttakara, 1920x1080 upplausn, dýnamískri 15000:1 skerpu, 3D Comb filter, Nicam Stereó, HDMI, Scart, SPDIF Digital coaxial, VGA og heyrnartólstengi. Aðeins 2,5 sm á þykkt. 12 og 230 volt.

**TILBOÐ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




**THOMSON**

**Thomson 32HR3234**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p HD upplausn, Progressive Scan, 25.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 3 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 109.990




**TOSHIBA**

**Toshiba 32AV636DN**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, DVB-T/C móttakara, Resolution+ (meiri myndgæði), USB 2.0, 4 HDMI, 2x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




**JVC** DynaPiX Plus

**JVC LT42DA9**
42" LCD HD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, DynaPix Plus myndtækni sem fjölgar línum og punktum, 1.000:1 skerpu, 5ms svartíma, HD Ready, 2 Scart, 3 HDMI, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 159.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




**TOSHIBA**

**Toshiba 42XV635DN**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, 100 Hz, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, 1920x1080p uppl., dýnamískri 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, DCDi Faroudja uppskölun, Game Mode, Digital Noise Reduction, 4x HDMI, 2x Scart, Game Mode, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 259.990




**PHILIPS**

**Philips 42PFL3605H**
42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 50000:1 skerpu, 20w RMS Incredible Surround víðómahljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990




**PHILIPS**

**Philips 42PFL7404**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p Full-HD upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, 80.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 3ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, 4 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 209.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




**Panasonic**

**Panasonic TXP42G20**
42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz, Infinite Black 5.000.000:1skerpu, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara, kortalesari, 2 x USB, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 269.990**
FULLT VERÐ kr. 319.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## > Eiður talar ekki við íslenska fjölmiðla

Eiður Smári Guðjohnsen var hvergi sjáanlegur við upphaf morgunæfingar íslenska A-landsliðsins í fótbolta í gær en KSÍ bauð þá íslenskum fjölmiðlum aðgengi að landsliðsmönnunum. Eiður Smári tók engu að síður þátt í æfingunni. Ómar Smárason, fjölmiðlafulltrúi landsliðsins, tjáði blaðamanni Fréttablaðsins að Eiður Smári myndi ekki veita íslenskum fjölmiðlum viðtal á æfingunni. Þegar Ómar var spurður út í það hvort þetta „fjölmiðlabann“ stærstu knattspyrnustjörnu landsins myndi halda áfram fram yfir leikinn við Liechtenstein var svarið að þeir tækju bara eina æfingu fyrir í einu.



# sport

sport@frettabladid.is

**SÖLVI GEIR OTTESEN:** AÐ STANDA SIG VEL MEÐ FC KAUPMANNAHÖFN OG ÍSLENSKA LANDSLIÐINU

# *Ég er fullur af sjálfstrausti og vil alltaf spila*

Sölvi Geir Ottesen verður væntanlega í sviðsljósinu í kvöld þegar íslenska landsliðið mætir Liechtenstein í æfingaleik á Laugardalsvellinum en leikurinn hefst klukkan 19.30. Sölvi Geir er að fara að spila sinn fyrsta landsleik sem leikmaður FCK frá Kaupmannahöfn en hann hefur byrjað vel með dönsku meisturunum á þessu tímabili.

„Við erum ekki búnir að tapa leik, erum á toppnum í dönsku deildinni og erum komnir áfram í næstu umferð í Meistaradeildinni. Þetta byrjar vel hjá okkur. Ég er búinn að fá að spila alla leikina og það er búið að ganga mjög vel til að byrja með,“ sagði Sölvi fyrir æfingu landsliðsins í gær.

Sölvi hefur verið í byrjunarliðinu í þremur síðustu landsleikjum þar sem Ólafur Jóhannesson hefur getað valið úr öllum leikmönnum.

„Ég er fullur af sjálfstrausti og vil alltaf spila. Maður verður að gera sitt á æfingunum til að sýna sig fyrir þjálfaranum. Ég er búinn að spila síðustu leiki með landsliðinu en ég veit ekki hvaða hugmyndir hann hefur núna,“ segir Sölvi.



Ísland mætir nú Liechtenstein annað árið í röð í æfingaleik en liðið vann 2-0 í leik liðanna í fyrra.

„Það er ekkert lið sem við getum mætt með hálfum hug. Við þurfum að koma hundrað prósent inn í þennan leik til þess að ná sigri. Ég veit voðalega lítið um lið Liechtenstein en við eigum að vinna þetta lið ef við spilum góðan leik,“ segir Sölvi. Íslenska landsliðið er ekki enn búið að fá á sig mark á þessu ári en leikurinn í kvöld er sá fimmti á árinu 2010.

„Það eru ekki bara þeir fjórir öftustu og markmaðurinn sem hafa verið að standa sig vel í varnarleiknum. Allt liðið er að vinna vel saman bæði varnarlega og sóknarlega. Það er vonandi að við höldum áfram þessum sterka varnarleik,“ segir Sölvi en íslenska landsliðið fékk síðast á sig mark í 1-1 jafntefli á móti Lúxemborg 14. nóvember 2009 eða fyrir 375 spilamínútum síðan.

## Úrslit gærdagsins:

**Meistaradeild kvenna í Evrópu:**

**Breiðablik - Juvisy Essonne 3-3**
1-0 Harpa Þorsteinsd. (18.), 2-2 sjálfsmark (70.), 3-3 Berglind Þorvaldsd. (84.).

*Pepsi-deild kvenna:*

**Þór/KA-Fylkir 3-1**
1-0 Mateja Zver (30.), 2-0 Rakel Hönnudóttir (47), 3-0 Vesna Smiljcovic (88.), 3-1 Laufey Björnsdóttir (97.).

**Stjarnan-Valur 2-2**
1-0 Laura King (15.), 1-1 Dagný Brynjarsdóttir (30.), 2-1 Lindsey Schwartz (45.), 2-2 Kristín Ýr Bjarnadóttir (71., víti).

**KR-Haukar 1-1**
0-1 Sara Jordan (44.), 1-1 Agnes Árnad. (80.)

**FH-Grindavík 5-0**
1-0 Liliana Martins (2.), 2-0 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (11.), 3-0 Martins (59.), 4-0 Aldís (65.), 5-0 Margrét Sveinsdóttir (76.)

*Upplýsingar frá heimasíðunni Fótbolti.net.*

**Staðan í deildinni:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Valur | 14 | 10 3 1 | 56-12 | 33 |
| Þór/KA | 14 | 9 1 4 | 41-19 | 28 |
| Breiðablik | 13 | 8 2 3 | 27-17 | 26 |
| Stjarnan | 14 | 6 5 4 | 28-14 | 23 |
| Fylkir | 14 | 7 2 5 | 25-18 | 23 |
| KR | 14 | 6 4 4 | 18-15 | 22 |
| Grindavík | 14 | 4 2 8 | 10-25 | 14 |
| Afturelding | 13 | 4 1 8 | 11-39 | 13 |
| FH | 14 | 3 1 10 | 17-45 | 10 |
| Haukar | 14 | 1 2 11 | 9-38 | 5 |

Breiðablik komst áfram í Meistaradeild Evrópu:

# Algjörlega geðveikt

**FÓTBOLTI** Breiðablik komst áfram í 32-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu eftir 3-3 jafntefli við franska liðið Juvisy í gær. Blikar náðu öðru sæti síns riðils með sjö stig. Það var besti árangur allra liða í riðlakeppninni sem lentu í öðru sæti Blikar komust því áfram með sigurvegurum riðlanna.



Breiðablik komst yfir þegar rangstöðugildra gestanna klikkaði illa og staðan var 1-0 í hálfleik þrátt fyrir fjölda dauðafæra Juvisy.

Gestirnir skoruðu tvö mörk með skömmu millibili í seinni hálfleik en skoruðu svo skrautlegt sjálfsmark og jöfnuðu. Þær komust aftur yfir en karakter Blikastelpna var frábær og liðið jafnaði með góðu marki Berglindar Þorvaldsdóttur.

„Leikurinn var eins og við bjuggumst við, miklu erfðari en hinir tveir. Við bárum kannski aðeins of mikla virðingu fyrir þeim og þær voru lengst af með yfirhöndina,“ sagði Harpa eftir leikinn.

„En við gáfumst aldrei upp og það hefði verið auðvelt að detta niður eftir að þær komust tvisvar yfir. En þetta var frábært og við hefðum jafnvel getað stolið sigrinum í lokin. Við erum líka ánægðar og þakklátar fyrir stuðninginn, síðan ég kom í Breiðablik held ég að ég hafi aldrei séð jafn marga á kvennaleik. Þetta var algjörlega geðveikt,“ sagði Harpa. **- hþh**



**GÓÐ STEMNING** Það var létt yfir strákunum á æfingu í gær og þeir eru að sama skapi innstilltir á sigur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Við eigum skilið að fá athyglina

**Ísland getur tryggt sér að minnsta kosti umspilsleiki um sæti í lokakeppni EM með sigri á Þjóðverjum í dag. Hópurinn er samstilltur og innstilltur á sigur.**

**FÓTBOLTI** Íslenskt U21 árs landslið hefur aldrei komist í lokakeppni stórmóts í knattspyrnu. Liðið kemst skrefi nær því markmiði með sigri á Þjóðverjum í dag. Liðin gerðu 2-2 jafntefli í fyrri leiknum en þau mætast í Kaplakrika í undankeppni EM klukkan í dag

Það var létt yfir liðinu á Loftleiðum í gær, skotin gengu fram og aftur á milli manna. Jóhann Berg Guðmundsson reyndi að koma sér inn í viðtalið og köll um að stjórnunar í liðinu væru alltaf kallaðar í viðtal heyrðust um matsalinn.

„Hópurinn er mjög þéttur, við erum allir góðir vinir og spjöllum mikið saman,“ segir Guðlaugur Victor Pálsson, leikmaður Liverpool. Hann sagðist að vísu sakna þess að enginn væri með Playstation-tölvu á hótelinu. „Hólmar Örn hefur síðan verið að reyna að halda því fram að hann sé góður í borðtennis. En það kom svo á daginn að hann getur hreinlega ekkert,“ sagði Gylfi Sigurðsson og hvatti félaga sinn þar með til að halda sig við fótboltann.

Leikurinn í dag er lykilleikur í riðlinum. Með sigri skilja Íslendingar andstæðinga dagsins eftir . Tékkar eru efstir og í góðri stöðu en tapi Ísland í dag skapast mikil spenna um tvö efstu sætin. Efsta liðið fer beint í úrslitakeppnina en liðið í öðru sæti í umspil.

Gylfi segir að leikurinn sé sá mikilvægasti sem íslenskt U21 árs landslið hafi spilað. „Ef við stöndum saman og náum einu eða þremur stigum erum við í dauðafæri að komast í lokakeppnina. Það væri frábær árangur,“ segir hann en ungmennaliðið hefur fengið meiri athygli en A-landsliðið sem mætir Liechtenstein í vináttuleik í kvöld.

„Mér finnst jákvætt að við fáum meiri athygli og ég vona að fólk mæti frekar á leikinn okkar en vináttuleik hjá A-liðinu,“ sagði Gylfi. „Við eigum skilið að fá athyglina. Við höfum verið að spila vel og náð góðum úrslitum.“

Guðlaugur segir að lykilatriði sé að liðið haldi boltanum vel og láti Þjóðverjana elta sig en ekki öfugt. „Við leggjum allir hart að okkur í þessu verkefni og vonandi verður þetta okkar dagur. Við berjumst allir fyrir heildina.“

Í fyrri leiknum kom íslenska liðið Þjóðverjum á óvart með því að pressa þá hátt á vellinum. Gylfi segir að svipað verði upp á teningnum í dag. „Þeim gekk ekki vel að ráða við okkur þá. Að sjálfsögðu ætlum við að pressa þá líka núna, við erum á heimavelli og við ætlum að sækja. Þetta er ekkert flókið, við þurfum bara að nýta færin okkar,“ segir Gylfi.

Frítt er á leikinn í dag sem hefst klukkan 16.15. **hjalti@frettabladid.is**

Landslið Liechtenstein hefur ekki unnið leik í þrjú ár:

# Unnu síðast Íslendinga

**FÓTBOLTI** Landslið Liechtenstein hefur ekki unnið landsleik síðan það sigraði Ísland 3-0 hinn 17. október 2007. Sá dagur er svartur dagur í íslenskri knattspyrnusögu.

Síðan þá hefur liðið spilað átján FIFA-leiki, tapað sextán þeirra og gert tvö jafntefli, á móti Aserbaídsjan og Finnlandi.

Meðal þessara sextán ósigra er 2-0 tap á móti Íslandi á La Manga í fyrra þar sem Arnór Smárason og Eiður Smári Guðjohnsen skoruðu mörk Íslands.

Þjóðirnar hafa alls mætt fimm sinnum, Ísland hefur unnið fimm leiki en Liechtenstein náði jafntefli í Laugardal og vann heimaleikinn þegar þjóðirnar lentu saman í undankeppni EM 2008. Markatalan í leikjunum fimm er 11-4 Íslandi í vil. **- óój**




# 27 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

21. ÁGÚST 2010




## Rétti tíminn til að skrá sig í Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka er... NÚNA!

Skráningu á www.marathon.is lýkur á miðnætti miðvikudaginn 18.ágúst.
Eftir það hækkar þátttökugjaldið.

NÝTT!

42,2 km · 21,1 km · 10 km · Boðhlaup · 3 km · Latabæjarhlaup

Í Boðhlaupinu geta 2-4 skipt á milli sín maraþon vegalengdinni (42,2 km).




**Skráning og upplýsingar á www.marathon.is**

REYKJAVÍKURMARAÞON

Íslandsbanki · vita · asics · POWERADE · Barilla · SUZUKI · margt smátt · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR



## > Clive Owen

„Foreldrahlutverkið og fjölskyldan er númer eitt hjá mér, og þegar ég er ekki að vinna hef ég það fínt með Stubbunum“.

***Clive Owen fer með hlutverk Sir Walters Raleigh í Elizabeth: The Golden Age sem er á dagskrá Stöð 2 kl. 20.00 í kvöld.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON **SKILUR BÍÓRÁSINA**

## *Kvikmyndaáhorf nútímamannsins*

Ég er nútímamaður. Ég hef ekki tíma til að horfa á kvikmyndir. Ég hef í mesta lagi tíma til að horfa á 20 mínútna þætti milli þess sem ég vinn, stunda körfubolta og þeysist um á upplýsingahraðbrautinni. Nútímamennskan hefur reynst steinn í götu sjónvarpsfíknar minnar og nánast útrýmt henni í sumar.



Í þau örfáu skipti sem ég hef fundið tíma til að fletta í gegnum þessar 90 sjónvarpsstöðvar sem eru í boði á nútímavæddu heimili mínu hef ég endað á Bíórásinni furðulega oft. Alltaf kem ég inn í klassíkina Waynes World – en aldrei á sama tíma. Ég næ ýmist upphafinu, miðjunni eða endinum – stundum aðeins nafnalistanum í endann. Þegar ég sá hluta af miðbiki seinni hluta myndarinnar um helgina uppgötvaði ég að á tæplega þriggja mánaða tímabili hafði ég náð að horfa á myndina frá upphafi til enda í sirka tíu tilraunum. Þá leið mér vel, enda frábær mynd.

Svona rúllar nútímamaðurinn. Hann hefur ekki tíma til að sökkva sér ofan í mynd sem tekur einn og hálfan tíma á meðan veröldin þeysist framhjá stofuglugganum á hraða ljóssins. Nútímamaðurinn tekur frekar þrjá mánuði í að horfa á myndina og horfir í korter í senn. Þetta skilur Bíórásin og sýnir því sömu myndirnar aftur og aftur og aftur yfir fyrirfram skilgreind tímabil.

Þá er það bara Wayne's World 2.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.40** How I Met Your Mother STÖÐ 2



▶ **20.00** Elizabeth: The Golden Age STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **20.20** Top Chef SKJÁREINN



▶ **21.30** Veiðiperlur STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.45 Áfangastaðir - Steinrunnin tröll** (1:12)

**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Reykjanes** (10:24)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var... jörðin** (18:26)

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Alvöru dreki** (50:52)

**18.23 Sígildar teiknimyndir** (20:26)

**18.30 Finnbogi og Felix** (6:12)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Ljóta Betty** (71:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.

**20.55 Fornleifafundir** (4:6) (Bonekickers) Breskur spennumyndaflokkur. Fornleifafræðingar frá Háskólanum í Bath grafa eftir merkum minjum og eiga í höggi við misindismenn.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenska golfmótaröðin**

**23.05 Af fingrum fram** (Magnús Eiríksson) Jón Ólafsson píanóleikari spjallar við dægurlagahöfunda og tónlistarfólk.

**23.50 Kastljós** (e)

**00.20 Fréttir** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Grilled**

**10.00 Leatherheads**

**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

**14.00 Grilled**

**16.00 Leatherheads**

**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

▶**20.00 Elizabeth: The Golden Age**

**22.00 Showtime**

**00.00 The Heartbreak Kid**

**02.00 Mercenary for Justice**

**04.00 Showtime**

**06.00 Fool's Gold**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Maularinn

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Tim Gunn's Guide to Style** (4:8)

**11.45 Grey's Anatomy** (9:17)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 E.R.** (11:22)

**13.50 Ally McBeal** (20:22)

**14.35 Ghost Whisperer** (8:23)

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Brunabílarnir, Maularinn

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (10:20)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (14:24)

▶**19.40 How I Met Your Mother** (12:20)

**20.05 Gossip Girl** (20:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.50 Mercy** (16:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.

**21.35 True Blood** (7:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn andstöðu íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**22.30 Nip:Tuck** (16:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**23.15 The Closer** (6:15)

**00.00 The Forgotten** (3:17)

**00.45 The Wire** (10:10)

**02.15 X-Files** (11:24)

**03.00 Grey's Anatomy** (9:17)

**03.45 E.R.** (11:22)

**04.30 Sjáðu**

**05.00 The Simpsons** (10:20)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**16.00 Ísland - Þýskaland** Bein útsending frá leik Íslands og Þýskalands í undankeppni EM U21.

**19.00 Ísland - Liechtenstein** Bein útsending frá vináttuleik Íslands og Liechtenstein sem fram fer á Laugardalsvelli.

▶**21.30 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.

**22.00 Ísland - Þýskaland** Sýnt frá leik Íslands og Þýskalands en leikurinn er liður í undankeppni EM U21.

**23.45 Ísland - Liechtenstein** Sýnt frá leik Íslands og Liechtenstein en þetta er vináttuleikur sem fram fer á Laugardalsvelli.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Goals of the Season 1999/2000** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**19.00 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1998**

**19.30 PL Classic Matches: Newcastle - Sheffield Wednesday**

**20.00 Football Legends - Charlton** Í þessum þáttum eru skoðaðir margir af fremstu knattspyrnumönnum sögunnar. Að þessu sinni verður fjallað um Bobby Charlton sjálfan.

**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.

**21.00 Chelsea - Aston Villa** Útsending frá leik Chelsea og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

**22.45 Aston Villa - Everton** Útsending frá leik Aston Villa og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (9:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**17.15 Dynasty** (10:30)

**18.00 Rachael Ray**

**18.45 Girlfriends** (20:22) (e)

**19.05 Still Standing** (11:20) (e)

**19.30 Sumarhvellurinn** (9:9) Fjörugur skemmtiþáttur þar sem allt getur gerst. Útvarpsstöðin Kaninn er á ferð og flugi um landið í sumar.

**19.55 King of Queens** (3:13)

▶**20.20 Top Chef** (11:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Núna reynir á hugmyndaflugið hjá kokkunum.

**21.05 Canada's Next Top Model** (1:8) Raunveruleikasería sem farið hefur sigurför um heiminn. Þetta er önnur þáttaröðin af kanadískri útgáfu þáttanna og nú hefur stjörnustílistinn Jay Manuel tekið fyrir hlutverki yfirdómara og kynnis þáttanna.

**21.50 Life** (17:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.25 Law & Order** (15:22) (e)

**00.15 Leverage** (2:13) (e)

**01.00 King of Queens** (3:13) (e)

**01.25 Premier League Poker II** (1:15) (e)

**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Páll Winkel fangelsinsmálastjóri.

**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis með sjóðheitt efni úr mótorhjólaheiminum.

**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson,Friðrik Eysteinsson og gestir skoða markaðsmálog auglýsingamál til mergjar.

**21.30 Eru þeir að fá hann?** Bender og félagar Í Víðidalsá og við flundruveiðar.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 16 .000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

FÉLAG FASTEIGNASALA



vísir.is
...ég sá það á Vísi

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.35

**True Blood**



Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bills en saman þurfa þau að berjast gegn andstöðu íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana. Menn og vampírur búa þar saman en þó kannski ekki beint í sátt og samlyndi þrátt fyrir að komið sé á markað gerviblóð á flöskum sem ætlað er að svala blóðþorsta vampíranna.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Gossip Girl**

**Stöð 2 kl. 20.05**

Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktalar hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Anton Tsjekov: Maðurinn og verk hans
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.28** Kvöldsagan: Gatsby hinn mikli
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Prússland - Ris og fall járnríkis
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (9:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Cougar Town** (9:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsóöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.10 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey. Hann er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína.

**22.55 Gavin and Stacy** (4:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi. Nú eru hveitibrauðsdagarnir senn á enda og alvaran tekin við.

**23.25 Daily Show. Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**23.50 The Doctors**

**00.35 Falcon Crest II** (9:22)

**01.25 Fréttir Stöðvar 2**

**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Fawlty Towers **13.00** Fawlty Towers **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** Last of the Summer Wine **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** ,Allo ,Allo! **18.00** Live at the Apollo **18.45** The Visitor **19.15** Saxondale **19.45** Tess of the D'Urbervilles **20.40** Live at the Apollo **21.25** Come Dine With Me **21.50** The Jonathan Ross Show **22.40** EastEnders **23.10** Primeval **00.00** ,Allo ,Allo!

## DR 1

**12.00** Søren og Søren **12.30** Danskernes Krønike **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Høvdingebold **14.05** Radiserne **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Mad i kassen **15.15** Klassen 2.b **15.30** Skæg med bogstaver **16.00** Den lille forskel **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge direkte **18.30** Diagnose søges **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Rebecca **21.05** Onsdags Lotto **21.10** OBS **21.15** Afghanistans dansende drenge **22.10** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Fredag i hagen **12.50** Landgang **13.20** Ut i naturen **13.45** Sommeråpent **14.35** Moderne avhengighet **15.05** 30 Rock **15.30** Tingenes tilstand **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Munter mat **18.00** Flukten fra Norge **18.50** Vikinglotto **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Toppidrettsveka **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Mark Randle? **22.00** Höök **23.00** Höök **23.55** Svisj gull

## SVT 1

**12.20** Dave Chappelle's Block Party **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Såna är mammor **15.25** Cleo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** AnneMat **17.15** Din plats i historien **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Livvakterna **20.00** Nip/Tuck **20.45** En passion för Mr. Lester **22.10** Hotellet **22.55** Undercover Boss **23.40** Antikens försvunna städer




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT+ SPORT2 SPORT3 SPORT4 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



*„Það myndi vera Beach Boys hækkað upp úr öllu valdi og svo er auðvitað gott að hafa Bubba með.“*

Árni Árnason markaðsfræðingur sem um þessar mundir er með samtalsbók við Bubba Morthens í bígerð.

# Kalli Camaro selur hluta af sjálfum sér

„Hlutirnir breytast bara. Manni veitir ekkert af því að létta aðeins á fjármálunum eins og staðan er núna. En ég kaupi mér annan þegar ég get,“ segir Karl Bachman, betur þekktur sem Kalli Camaro.

Fréttablaðið greindi frá því í byrjun sumars þegar Kalli Camaro setti Chevrolet Camaro sportbílinn sinn á götuna, eftir veturlanga bið. Kalli hefur átt bílinn í fjögur og hálft ár og er búinn að leggja mikla vinnu í að gera hann að þeim bíl sem hann er í dag. Í viðtali við hann í sumar sagði hann til dæmis: „Ég hugsa að ég komi til með að eiga þennan bíl alla ævi. Ég lít á hann sem hluta af mér.“ Það ætti því að koma einhverjum á óvart að Kalli Camaro ætli að selja Camaroinn.

„Ég er að skoða málin, en ég er ekki að fara að gefa hann,“ segir Kalli sem segir tilboðin sem borist hafa í bílinn engan veginn nógu góð. Kalli segist vera að skoða það að fara á sjóinn til að geta haldið bílnum en það hafi ekki gengið upp hingað til.

„Ég á örugglega eftir að sjá þvílíkt eftir þessu ef ég læt af þessu verða, en það er enginn æsingur í manni,“ segir Kalli að lokum. Það er því staðfest að einn glæsilegasti Camaro landsins óski eftir nýjum eiganda. **- ls**



**KALLI SELUR CAMAROINN** Það er spurning hvort Kalli verði enn þá Kalli Camaro án Camarosins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** loga, **6.** eftir hádegi, **8.** kvikmyndahús, **9.** lærdómur, **11.** verslun, **12.** toga, **14.** splæs, **16.** á fæti, **17.** drulla, **18.** herma, **20.** ekki heldur, **21.** samstæða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bak, **3.** í röð, **4.** land í Suðvestur-Asíu, **5.** aska, **7.** sjampó, **10.** fæðu, **13.** gifti, **15.** skældi, **16.** skaði, **19.** rykkorn.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** báls, **6.** eh, **8.** bíó, **9.** nám, **11.** bt, **12.** draga, **14.** stang, **16.** tá, **17.** for, **18.** apa, **20.** né, **21.** para.
**LÓÐRÉTT: 1.** lend, **3.** áb, **4.** líbanon, **5.** sót, **7.** hársápa, **10.** mat, **13.** gaf, **15.** grét, **16.** tap, **19.** ar.

## SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR: SVARS AÐ VÆNTA FRÁ GUNNARI Í VIKUNNI

# Höfundar áramótaskaups taki við af Spaugstofunni

Leikstjóranum Gunnari Birni Guðmundssyni og hópnum sem stóð á bak við síðasta áramótaskaup hefur verið boðið að framleiða nýjan skemmtiþátt, sem verður sýndur í Sjónvarpinu á laugardagskvöldum í stað Spaugstofunnar. Í gær kom í ljós að Spaugstofan er hætt eftir 21 ár í loftinu. Ástæðan er 9% niðurskurður á RÚV.

Þetta staðfestir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Sjónvarpsins, en Gunnar Björn er á meðal þeirra aðila sem hún hefur rætt við. „Fyrsta hugmyndin sem þau komu með var alltof dýr, eiginlega jafndýr og Spaugstofan, þannig að ég bað hann um að koma með aðra ódýrari tillögu,“ segir Sigrún, sem býst við svari frá Gunnari síðar í þessari viku. Auk Gunnars eru í hópnum þau Ari Eldjárn, Anna Svava Knútsdóttir, Halldór E. Högurður, Ottó Geir Borg og Sævar Sigurgeirsson.

Þau þóttu öll komast sérlega vel frá áramótaskaupinu og var almenn ánægja með þeirra störf. Svo gæti reyndar farið að þessi hópur og Spaugstofan hafi algjör sætaskipti því Spaugstofunni hefur verið boðið að stjórna næsta áramótaskaupi og er svars að vænta frá þeim félögum í síðasta lagi á mánudaginn.

Hver Spaugstofuþáttur kostaði rúmar þrjár milljónir króna í framleiðslu. Alls 24 þættir voru framleiddir síðasta vetur, sem þýðir að kostnaðurinn við Spaugstofuna nam rúmum 72 milljónum króna á ári. Nýi skemmtiþátturinn verður tæplega klukkutíma langur og á að hefjast í lok september. Fjármagnið sem verður sett í hann verður meira en helmingi minna en það sem Spaugstofan hafði úr að moða.

Sigrún viðurkennir að mikill missir sé að Spaugstofuþáttunum og það sé ekki gaman að taka þá af dagskrá eftir áratuga vinsældir. „Þeir hafa verið mjög mikilvægur vettvangur til að sjá þetta samfélag í öðru ljósi. Á þessum síðustu árum frá því allt hrundi hafa þeir verið alveg einstakir,“ segir Sigrún. Hún bætir við að ákvörðunin um að Spaugstofan hverfi á braut hafi legið í loftinu frá því í vor þegar samningurinn við þá félaga var ekki endurnýjaður. „Þetta er sparnaðaraðgerð og ekkert annað.“

Karl Ágúst Úlfsson Spaugstofumeðlimur var staddur í Frakklandi þegar Fréttablaðið náði í hann. Hann sagði tilfinningarnar blendnar á tímamótunum. „Það er ákveðinn söknuður, ég skal alveg viðurkenna það. Kannski tómleikatilfinning rétt í augnablikinu,“ segir hann. „En alltaf þegar eitthvað endar er eitthvað nýtt að byrja. Lífið heldur áfram sem betur fer. Nú er spennandi að horfa til framtíðar og taka afstöðu til hvað við gerum næst.“

Ekki náðist í Gunnar Björn við vinnslu fréttarinnar.

**freyr@frettabladid.is**
**atlifannar@frettabladid.is**





**SPAUGSTOFAN HVERFUR Á BRAUT**

Þættir **Spaugstofunnar** hafa verið teknir af dagskrá Sjónvarpsins eftir 21 ár í loftinu. **Sigrún Stefánsdóttir** hefur rætt við **Gunnar Björn Guðmundsson** sem leikstýrði síðasta áramótaskaupi. Ari Eldjárn var einn af handritshöfundunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Dikta er búin að sigra Ísland og nú eru frekari landvinningar væntanlegir. Hljómsveitin kemur fram á tónleikum í London á fimmtudaginn, en spennandi verður að fylgjast með hvort breskir tónlistaraðdáendur taki Garðbæingunum jafn opnum örmum og Íslendingar. Á meðal gesta verða Þórhallur Gunnarsson, fyrrverandi dagskrárstjóri á RÚV og eiginkona hans, flugfreyjan glæsilega **Brynja Nordquist**. Heimatökin eru augljóslega hæg þar sem Róbert Aron, skipuleggjandi tónleikanna, er sonur Brynju og tekur vafalaust frá miða handa mömmu sinni.

Og listaspírurnar **Ragnar Kjartansson** og **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** eignuðust sitt fyrsta barn á mánudaginn. Gullfalleg stúlka kom í heiminn og er parið að vonum í skýjunum með erfingjann. Stúlkan átti ekki að fæðast fyrr en í lok mánaðarins en vildi greinilega ekki láta bíða of lengi eftir sér.



Tökur á kvikmyndinni Djúpið, sem hófust í Reykjavíkurhöfn í lok júlí, héldu áfram í Vestmannaeyjum í gær. Tökurnar standa yfir til 20. ágúst og á þeim tíma verða mynduð atriði sem gerast bæði að sumar- og vetrarlagi. Eftir að tökum á sumaratriðunum lýkur þarf því að notast við gervisnjó og klaka á tökustað, enda ekki úr miklum snjó að moða í Eyjum um þessar mundir. **Ólafur Darri Ólafsson** fer með aðalhlutverkið í myndinni, sem er byggð á samnefndu leikriti Jóns Atla Jónassonar.













# Bekkpressukeppni í bíó

„Allir kjötuðustu menn á Íslandi munu mæta á þessa sýningu. Það er ekki eitt vöðvafjall sem verður heima hjá sér á föstudaginn,“ segir Egill „Þykki“ Einarsson. „Þetta verður testósterón-sýning.“

Hasarmyndin The Expendables, sem skartar jöxlum á borð við Sylvester Stallone, Bruce Willis, Jet Li, Mickey Rourke og Jason Statham, verður forsýnd í Laugarásbíói á föstudaginn. Bekkpressubekkur verður í anddyrinu og þeir sem lyfta 100 kílógrömmum fá ókeypis á myndina. Kraftajötuninn Hjalti „Úrsus“ Árnason verður dómari.

„Ég vil helst að það verði enginn maður í salnum sem taki undir 100 kíló í bekk. Ef einhver reynir við 100 kílóin og drullar á sig á að senda hann heim strax, því það er enginn leikari í myndinni sem tekur undir 100 kg í bekk,“ segir Egill. Hann útilokar ekki að spreyta sig sjálfur á bekknum í tilefni dagsins. „Ég kannski pumpa þetta 20 til 25 sinnum til að sýna litlu kjúklingunum hvernig á að gera þetta,“ segir hann og bætir við: „Eina vandamálið við þessa sýningu þar sem öll sterattröll á landinu mæta er að þarna situr maður með kjötaðan mann báðum megin við sig. Menn þurfa að harka það af sér og menn munu líka reka við af öllu prótíninu og það verður ekki góð lykt.“

Þykki er að vonum spenntur fyrir myndinni, enda er hann meðlimur í íslenskum aðdáendaklúbbi Stallones. „Við erum að tala um mestu harðhausamynd sem gerð hefur verið. Ég er búinn að bíða eftir henni eins og lítið barn í þrjá mánuði,“ segir hann og hvetur íslenska harðhausa til að mæta klukkutíma fyrir sýninguna, sem hefst klukkan 18. **- fb**



**HARÐJAXLAR** Sylvester Stallone, Bruce Willis og Mickey Rourke leika í The Expendables. NORDICPHOTOS/GETTY



**EGILL „ÞYKKI“ EINARSSON** Allir kjötuðustu menn Íslands mæta á The Expendables í Laugarásbíói að sögn Egils.

Sleppa kafla 2 og 9

# KRÆSTI!

hp
- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*

## HP G62 - a16

**119.900 kr.**

Örgjörvi: Intel Pentium P6000
Harður diskur: 320GB 7200 rpm
Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768
Skjástýring: Intel HD
Vinnsluminni: 4 GB
Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.




EKKI GLEYMA
ÍSL PRÓF
21.10

döh!!!

# VERTU KLÁR

OK

Nýja haustlínan frá OK búðinni á skólatilboði.



## HP G62-a14

**139.900 kr.**



## HP dv6 - 2133

**159.900 kr.**



## MacBook

**199.900 kr.**

Örgjörvi: AMD Athlon II P320 Harður diskur: 500GB 7200 rpm Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768 Skjástýring: ATI Mobility Radeon HD 4250 Vinnsluminni: 4 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.

Örgjörvi: AMD Athlon II Dual Core M320 Harður diskur: 500GB 7200 rpm Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768 Skjákort: 1GB skjákort, ATI Radeon HD 4650 Vinnsluminni: 4 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.

Örgjörvi: Intel Core 2 Duo Harður diskur: 250 GB 5400 rpm Skjár: 13,3" LED breiðtjaldsskjár Skjástýring: NVIDIA GeForce 9400M Vinnsluminni: 2 GB Ábyrgð: 2ja ára




## Office 2010

**19.900 kr.**

Office pakkinn inniheldur Word 2010, Excel 2010, PowerPoint 2010, OneNote 2010 og leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.



## HP PHOTOSMART All-In-One

**18.900 kr.**

Fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.



OK búðin

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18

PARTÝ HJÁ BEBBU

kl. 9:00

5701140

* Skv. úttektum IDC.

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK
búðin

OK búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060


KÍKTU Í HITT HORNIÐ

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Semur við Forlagið



**Óskar Hrafn Þorvaldsson** hefur ekki setið auðum höndum síðan hann hætti sem fréttastjóri Stöðvar 2 í maí. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur Óskar unnið að ritun skáldsögu og hann hefur nú skrifað undir útgáfusamning vegna bókarinnar við Egil Örn Jóhannsson og hans fólk hjá Forlaginu. Stefnt er að því að bókin komi út fyrir jólin en ekki er öruggt að það náist. Ekkert fæst staðfest um sögusvið bókarinnar en samkvæmt upplýsingum blaðsins er það í heimi viðskiptanna. Óskar þekkir þar vel til eftir fréttaskrif síðustu ár.

### Ágústa kennir sjálfsvörn



**Ágústa Eva Erlendsdóttir**, leikkona og söngkona, er meðal kennara á sjálfsvarnarnámskeiði fyrir konur í Mjölni. Ágústa Eva hefur verið áberandi í starfi Mjölnis undanfarið en kærasti hennar, Jón Viðar Arnþórsson, lögreglumaður og formaður Mjölnis, er einnig meðal kennara. Ágústa Eva hefur verið að iðka hinar ýmsu bardagaíþróttir undanfarið hjá íþróttafélaginu og vill greinilega miðla sínum hæfileikum áfram og kenna stúlkum hvernig eigi að verja sig.

## Mest lesið vísir.is

1. Hinn tvítugi björgunarsveitarmaður, sem óð út í Kros...
2. Íhugar að blása flugeldasýninguna á Menningarnótt af
3. Skjót viðbrögð fyrrverandi sjúkraflutningamanns
4. Tveggja ára telpa féll í hver
5. Fleygðu fimmhundruð plastgítörum yfir Heklu
6. Talið að Norðmennirnir á Grænlandi hafi drukknað





